

**Heit og ljúffeng**  
  
**PIZZA**  
 HAMRABORG  
 Hafnarstræti 7 - 456 3166

Nýtt og öflugt  
**verkfæri**  
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**  
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu





Símanúmer  
 Landsbankans  
 á Ísafirði  
 er  
**410 4156**

Landsbankinn  
 Sími 410 4156  
 Fax 410 3018



**Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár**  
**BÆJARINS BESTA**  
 Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 22. mars 2007 · 12. tbl. · 24. árg.

# Segir ályktun sjávarútvegsklasa um mun á flutningskostnaði rétta

Jón Örn Pálsson, klasastjóri sjávarútvegsklasa Vestfjarða, segir að litlu skipti hvort lengra sé til Ísafjarðar en til Hornafjarðar þegar litið er til

flutningskostnaðar á staðina, en eins og sagt hefur verið frá er 25% dýrara að flytja eitt tonn af vörum með flutningabíl frá Reykjavíkur til Horna-

fjarðar en til Ísafjarðar. Þessu mótmælti Kristín Hálfðánardóttir, rekstrarstjóri Samskipa, á dögnum og benti á að vegalengdin væri töluvert meiri, auk þess sem hér væri yfir erfiðari vegi að fara.

„Málið er að það skiptir engu hvort það er lengra til Hornafjarðar, það er þá bara 25% dýrara miðað við vegalengd en til Djúpavogs“, segir Jón Örn. Þá segir hann að reikningarnir séu gerðir út frá skýrslu nema við háskólann á Bifröst og leggur áherslu á að

þó tölurnar komi úr skýrslunni séu útreikningar þeir sem vitnað hefur verið til frá sjávarútvegsklasanum. „Það er ekkert í skýrslunni sem segir að það sé 25% dýrara til Ísafjarðar en Hornafjarðar. Nemandinn ályktaði ekkert um það, heldur dró sjávarútvegsklasinn þá ályktun út frá skýrslunni.“

Niðurstaðan var fengin að sögn með því að bera fram þær verðskrár sem skýrsluhöfundur leggur fram, sem munu vera gildandi verðskrár flutningafyrirtækjanna.

„Verðskrá Eimskipa og Samskipa í skýrslunni segir að það sé 25% dýrara að senda vörur til Vestfjarða en til Suðausturlands“, segir Jón Örn. „Enda staðfestir Kristín á bb.is að það sé 25% dýrara að reka bíl til Vestfjarða. Ályktun sjávarútvegsklasans er því kórrétt, það er 25% dýrara að senda eitt tonn af vörum til Vestfjarða en til Hornafjarðar og niðurstaðan er sú að erfiðari vegir og meiri kostnaður í viðhaldi bíla sé orsök.“

– eirikur@bb.is

**„Bakgrunnur okkar gerir okkur að því sem við erum“**



– sjá viðtal í miðopnu við Halldór Gunnar Pálsson, tónlistarmann með meiru frá Flateyri



Leiðin frá Ísafirði til Súðavíkur lokaðist á sunnudag vegna snjóflóða.

## Tíu snjóflóð féllu um helgina

Alls féllu tíu snjóflóð á vegi á norðanverðum Vestfjörðum um helgina. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni féllu þrjú flóð á Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði á laugardag og tvö á sunnudag. Þá féllu tvö flóð á Súðavíkurveg á sunnudag, en maður á snjóruðnings-tæki varð fyrir öðru þeirra.

Ökumanninn, Guðbjart Ólafsson, sakaði ekki.

Á Hnífsdalsveg féllu tvö flóð aðfaranótt sunnudags. Á veginn um Óshlíð féll eitt flóð en sex önnur flóð sem féllu úr hlíðinni lentu á stálþiljum og netakössum sem komið hefur verið upp til að verja veginn.

– tinna@bb.is



**úrval**

**Samkaup**

**OPIÐ:**  
 virka daga kl. 09 - 21  
 laugard. 10-21  
 sunnud. kl. 12 - 21  
 Verið velkomin!

Samkaup úrval

**NEISTA**  
 HAFNARSTRÆTI 9-13  
 SÍMI 456 5460

**„ÁHYGGJULAUS“**  
 ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

**EIMSKIP** | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA ÞJÓNUSTA EIMSKIPS  
 525 7800






## Dagurinn í dag

22. mars 2007 – 81. dagur ársins

**Pennan dag** árið 1972 kom í ljós að Geirfugladrangur, vestur af Eldey, hafði hrúnið eða sokkið í sæ. Drangurinn, sem er grunnlinupunktur landhelginnar var áður um tíu metra hár en kemur nú aðeins upp úr sjó á fjöru.



## Vill selja bænum hesthús

Jón Kristmannsson á Ísafirði hefur boðið Ísafjarðarbæ að kaupa hesthús sitt að Hauganesi í Skutulsfirði. Í bréfi sem hann hefur skrifað bæjarfyrirvöldum kemur fram að hesthúsið er 137,2 m<sup>2</sup> að stærð. Fasteignamat þess er 1.450.000 krónur, en brunabótamat 5.160.000 krónur.

Fram kemur í bréfinu að náist samningar um kaup á eigninni hefur eigandi hússins hug á að flytja hesta sína í hesthúshverfið í Engidal. Bæjarráð fjallaði um erindið á fundi sínum í byrjun vikunnar, og fól bæjarsjórn að ræða við bréfritari.

## Ekki háðar mati

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar telur að Seljadalsleið og Skarfaskersleið séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum, en Skipulagsstofnun óskaði nýverð umsagnar Ísafjarðarbæjar um hvort og á hvaða forsendum jarðgöng á milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Hvað varðar Hnifsdalsleið, þá telur umhverfisnefnd að hún sé háð mati, á þeirri forsendu að hún hafi í för með sér meira inngríp í umhverfið og vegna nálægðar við byggð. Umhverfisnefnd bendir á að þegar leið hefur verið valin er þörf á að fara í breytingu á aðalskipulagi. Það er skoðun umhverfisnefndar að ef Seljadalsleið eða Skarfaskersleið verði valdar, ætti Djúpvegur að liggja á uppfyllingu neðan byggðar.

## Stjörnuþílar og Vesturferðir semja

Rútufyrirtækið Stjörnuþílar og ferðaskrifstofan Vesturferðir hafa náð samningum um akstur skemmtiskipafarþega í sumar. Samningurinn felur í sér að Stjörnuþílar sjá um allan akstur sem tengist skemmtiskipum á vegum Vesturferða, bæði með eigin rútum og rútum samstarfsaðila. Í frétt á heimasíðu Vesturferða segir að það sé von beggja aðila að samningurinn veiti báðum aðilum öryggi og festu í því mikla starfi sem framundan er við þjónustu við skemmtiskipafarþega. Í sumar er áætlað að 28 skemmtiferðaskip komi til Ísafjarðar, það fyrsta kemur 25. maí og það síðasta kemur 2. september. Farþega fjöldinn á skipunum er samtals tæp 19.000 manns.

# Fjölmörg verkefni á Vestfjörðum styrkt af Ferðamálastofu

Ferðamálastofa hefur afgreitt umsóknir um styrki til úrbóta í umhverfismálum. Fjölmörg verkefni á Vestfjörðum fá styrk að þessu sinni. Þannig fær Ísafjarðarbær einnar milljón króna styrk til að koma upp þurrsalerni í Hornvík. Ferðamála-samtök Vestfjarða fá 1,5 milljónir til gerðar gönguleiðakorta. Víkingaverkefni um Gísla sögu Súrssonar fær eina milljón í söguskilti. Þá verða veittar 500.000 krónur til Ferðapjónustunnar Grunnavík til að bæta aðgengi að lendingarstað í Grunnavík.

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar ehf fá 400.000 krónur til lendingarbóta í Aðalvík, Hlöðuvík og Hornvík. Fleiri sem fá styrk eru t.d. Ævintýradalurinn ehf og Guðmundur J. Hallvarðsson. Þó nokkrir styrkir falla í hlut Strandamanna. Sem dæmi má nefna að Stranda-

galdur ses. fær úthlutað einni milljón til umhverfisbóta við Kotbýli kuklarans á Klúku í Bjarnarfirði. Eins fær Ásbjörn Magnússon eina milljón til umhverfisbóta í Grímsey á Steingrímsfirði.

Ferðamálastofu bárust 131 umsókn um styrki til úrbóta á ferðamannastöðum á yfirstandandi ári en 62 hlutu styrk að þessu sinni. Til úthlutunar voru um 48 milljónir króna sem skiptast í fjóra flokka. Við úthlutun að þessu sinni var sérstaklega horft til úrbóta í aðgengismálum á áninga- og útivistarstöðum.

Á heimasíðu Ferðamálastofu segir að til viðmunar við úthlutun er stuðst við reglur um forgangsröðun styrkja. Mikilvægi verkefna er vegið eftir því hver áhrif framkvæmdarinnar eru á náttúru og umhverfi.

– tinna@bb.is



Ferðapjónustan Grunnavík fær hálf milljón til að bæta aðgengi að lendingarstað. Á myndinni er Friðrik Jóhannsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

## Gera á úttekt á eflingu Vestfjarða sem þjónustumiðstöðvar fyrir Austur Grænland

Lilja Rafney Magnúsdóttir, varaþingmaður VG í Norðvesturkjördæmi fékk samþykkt þingsályktunartillögu um þjónustumiðstöð fyrir útgerð og siglingar í Norðurhöfum á lokadegi Alþingis,

sem var síðastliðinn laugardag. Tillagan var samþykkt samhljóða með 53 atkvæðum en 10 þingmenn voru fjarverandi.

Samkvæmt tillögunni felur Alþingi ríkisstjórninni að gera

úttekt á möguleikum þess að efla norðanverða Vestfirði sem miðstöð þjónustu við Austur Grænland og skoða sérstaklega þann kost að þjónustumiðstöð og umskipunarhöfn fyrir siglingar í Norður-

höfum verði á Vestfjörðum. Kemur fram í tillögunni að hafa eigi samráð við heimamenn við gerð úttektarinnar.

Segir Lilja Rafney að ánægjulegt sé að málið hafi fengið svo skjóta afgreiðslu og verið

sett í forgangsröð í þinglok. „Enda er það gott innlegg í þá vinnu sem er í gangi að hálfu sveitarfélaga á Vestfjörðum og ríkisvaldsins um eflingu atvinnulífs á Vestfjörðum“, segir Lilja Rafney.



## Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur lagt til við bæjarstjórn að opnuð verði upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn í bænum og á að taka hana í gagnid ekki síðar en þann 1. júní nk. Félagar í handverksfélaginu Drymlu verða fengnir til að taka að sér rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar og hefur bæjarstjóra verið falið að ganga frá samningi við félagið. Til stendur að félagar fái aðstöðu undir starfseminu á neðri hæð hússins við Hafnargötu 9 í Bolungarvík. Þá gerði bæjarráð það einnig að tillögu sinni að ráðinn verði sumarstarfsmaður til starfa í upplýsingamiðstöðinni í sumar, auk þess sem hann á að sinna öðrum ferðamálaum fyrir svæðið.



# Brýnt að þingmenn NV-kjördæmis taki saman áherslur til að leggja fyrir ríkisstjórnina

Þingmenn sem sátu fundinn Lifi Vestfirðir í Hömrum, hittust í síðustu viku og ræddu sameiginlegan tillöguflutning um atvinnumál á Vestfjörðum. Guðjón Arnar Kristjánsson tók að sér að boða til fundarins og segir hann vilja til þess að hittast á framhaldsfundi með öllum þingmönnum Norðvesturkjördæmis. „Við þurfum að taka saman einhverjar áherslur til að fara með til

ríkisstjórnarinnar, kannski ekki of marga málaflokka, heldur einbeita okkur að atvinnumálunum og því sem kæmi sér best fyrir svæðið. Mér finnst skipta miklu máli tengja saman norður- og suðurfirðina og að Vestfirðir verði settir á flýtiáætlun, því það verður að vera greiður aðgangur á milli fólks.“

Guðjón Arnar segir einnig miklu máli skipa fyrir atvinnu-



Guðjón Arnar Kristjánsson á fundinum í Hömrum.

lífið á svæðinu að það komi einhvers lags viljrði fyrir endurgreiðslu á flutningskostnaði, eða styrkir til strandflutninga. „Við verðum líka að horfa ákveðið til þess að háskólasætrið verði að háskóla og að það gerist sem fyrst. Við sjáum það hafa virkað vel á öðrum stöðum. Það þarf að hella sér í skólamálin markvissari hætti,“ segir Guðjón Arnar um uppbyggingu há-

skóla á svæðinu, en raddir um sjálfstæðan háskóla voru háværar á fundinum í Hömrum.

„Kannski getum við náð saman um þessa þætti,“ segir Guðjón Arnar og bætir við. „Það er ekki gott að vera í þessari stöðu í aðdraganda kosninga, því þetta er ekki auðveldasti tíminn til að komast að samkomulagi– en það liggur mikið við og við gerum það sem við getum.“



## Gerð snjóflóðavarnargarðs í Bolungarvík hefst í sumar

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við snjóflóðavarnargarð í Bolungarvík hefjist um mitt sumar. Að sögn Þráins Sigurðssonar, aðstoðarforstjóra Framkvæmdasýslu ríkisins, er búið að hanna garðinn en eftir á að setja verkið í umhverfismat og bjóða það út. Á borgarafundi sem haldinn var í nóvember sl. var gert

ráð fyrir að framkvæmdir við garðinn myndu hefjast í maí og því er ljóst að einhverjar tafir hafa orðið. Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, segir gríðarlega mikilvægt að framkvæmdir hefjist sem fyrst, og ekki aðeins við varnargarð heldur einnig gerð Óshlíðarganganna.

Grímur vonar að fram-

kvæmdir fari af stað fljótlega, enda myndi það ekki aðeins auka öryggi íbúa svæðisins heldur einnig tryggja uppgang í atvinnulífinu. Varnargarðurinn í Bolungarvík á að vera um 18-22 metra hár og 700 metra langur þvergarður, staðsettur þar sem Dísarland er nú. Auk þess verða 8 keilur ofar í fjallinu. Áætlað er að í

varnarvirkin fari um 400 þúsund rúmmetrar af fyllingarefni sem reiknað er með að fáiast innan framkvæmdasvæðisins. Áætlaður heildarkostnaður við byggingu varnarvirkjanna er 750 milljónir króna en endanlegur kostnaður ræðst þó af þeim tilboðum sem berast í verkið. Gert er ráð fyrir að bygging varnanna taki um 2-3 ár.

## Fela bæjarstjóra að ræða við OV

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að óska eftir viðræðum við Orkubú Vestfjarða á grundvelli niðurstaðna nýrra skýrslna um hitastigulsboranir í Bolungarvík og Álftafirði, sem framkvæmdar voru síðasta sumar.

Þær niðurstöður gefa til kynna að miklar líkur séu á því að heitt vatn sé að finna bæði í Tungudal og Engidal og í ljósi þess, sé rétt að ræða við forsvarsmenn Orkubúsins um næstu skref í þessu stóra hagsmunamáli sveitarfélagsins.

Arna Lára Jónsdóttir bæjarfulltrúi Í-lista lagði



Orkubú Vestfjarða.

fram bókun þessa efnis á síðasta fundi bæjarstjórnar og var tillagan samþykkt einróma. Arna Lára segir það afar mikilvægt að þessu máli sé haldið á lofti.

– annska@bb.is

## Útboð



Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar óskar eftir tilboði í verkið: Suðureyri, dýpkun smábátahafnar.

Helstu magntölur:

Dýpkun 4000m<sup>3</sup>

Grjóttfláar 100m<sup>3</sup>

Fylling 30m<sup>3</sup>

Rif á eldri bryggju

Verkinu skal lokið eigi síðar en 20. maí 2007. Útboðsgögn verða afhent á bæjar- skrifstofum Ísafjarðarbæjar og á skrifstofu Siglingastofnunar, Vesturvör 2, Kópavogi, frá og með föstudeginum 23. mars gegn 5.000 króna greiðslu.

Tilboð verða opnuð á sömu stöðum þriðjudaginn 3. apríl 2007 kl. 11:00.

## Íbúum á aldrinum 0-9 ára hefur fækkað um 33% frá árinu 1997

Árið 1997 voru yngstu íbúar Vestfjarða, frá 0-9 ára gamlir, 16,6% íbúa. Samkvæmt tölum sem miða við síðustu áramót eru íbúar á þessum aldri nú 12,9% af heildaríbúafjölda og hefur fækkað úr 1.439 í 964, eða um 33%. Til aldurshópsins 10-19 ára töldust 1.513 einstaklingar árið 1997, sem gerir 17,5% af heildaríbúa-

fjölda, en við síðustu áramót voru þeir 1.221, sem gerir 16,4%. Fækkaði þeim um 19% frá 1997.

Íbúar á þrítugsaldri voru 1.225 árið 1997, eða 14,2% íbúa, en hefur fækkað í 1.017, sem gerir 13,6%. Fækkaði íbúum á þrítugsaldri um 17% á tímabilinu. Á fertugsaldri voru 1.411 íbúar árið 1997,

eða 16,3%, en eru nú 917, eða 12,3%. Íbúum á fimmtugsaldri hefur fjölgað á svæðinu, úr 1.149 árið 1997, eða 13,3% íbúa, í 1.155 nú um áramót, eða 15,5% íbúa. Íbúum á sextugsaldri hefur sömuleiðis fjölgað, úr 711, eða 8,2% af heildaríbúafjölda, í 924, eða 12,4%.

Íbúum á sjötugsaldri hefur fækkað úr 606 árið 1997, eða

7% íbúa, í 569 nú um áramót, eða 7,6% íbúa. Íbúum á áttræðisaldri hefur fjölgað úr 380, eða 4,4% íbúa, í 465 nú um áramót, eða 6,2% íbúa. Íbúum á nítræðisaldri hefur þá einnig fjölgað, úr 183 í 200, en íbúum á títræðisaldri hefur fækkað úr 37 í 28. Tveir voru yfir 100 ára aldri árið 1997, en einn nú um áramót.

## 34 hljómsveitir á tveimur dögum

Allt stefnir í að 34 hljómsveitir muni stíga á stökk á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður, sem haldin verður á Ísafirði um páskana. Hálfán Bjarki Hálfánsson, rokkstjóri hátíðarinnar, segir að ekki muni fleiri hljómsveitir bættast við, einfaldlega vegna þess að ekki er pláss í dagskránni. Vegna mikils fjölda hljómsveita var brugðið á það ráð að skipta hátíðinni niður á tvo daga, en hún hefst að kvöldi föstudagsins 6. apríl. Þá munu níu bönd stíga á stökk og tónleikarnir standa í u.þ.b. fjóra tíma. Daginn eftir, laugardag, byrjar fjörið um kaffileytið og lýkur einhverntíman eftir miðnætti. Eins og sagt hefur verið frá verður hátíðin haldin í gömlu Eimskipa- og Ríkisskipa skemmuni á Ásgeirsbakka við Ísafjarðarhöfn.



# Telur litlar líkur á aðgerðum af hálfu stjórnvalda fyrir kosningar

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps, segir að órói sé í sveitarstjórnarmönnum á Vestfjörðum vegna stofnunar hinnar svokölluðu Vestfjarðanefndar. Hann segir vandann í búsetu- og atvinnumálum á Vestfjörðum alls ekki nýjan af nálinni og telur litlar líkur á að aðgerða megi vænta af hálfu stjórnvalda fyrir kosningar í vor og segist ekki telja að ráðamenn séu reiðubúnir til að takast á við málið af þeirri festu sem þarf til að snúa mjög langri þróun við. Ríkisstjórnin ræddi á fundi á þriðjudag byggðavandann á Vestfjörðum. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði þar erfitt að benda á lausn á byggðavandanum, en sagði niðurstöðuna í bili vera þá að stofna vinnuhóp um málið.

Fulltrúar sveitarfélaga á Vestfjörðum fóru á fund ríkisstjórnarinnar í byrjun febrúar og kynntu þar tillögur um úrlausnir fyrir atvinnu- og byggðamál á svæðinu. Ómar segir að það hafa verið mjög raunhæfar tillögur sem hefðu það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á atvinnu- og byggðamál hér og hann hefði viljað sjá ríkisstjórnina sjálfa fara í þá vinnu sem nefndinni er ætlað að gera.

„Þó að ég hafi mikla trú á þeim aðilum sem hafa verið valdir í nefndina, þá er það útkoman eftir meðhöndlun ráðamanna sem skiptir öllu máli og ég leyfi mér að efast um að þær niðurstöður muni hafa nægilega mikið vægi til að snúa þeirri þróun við sem verið hefur,“ segir Ómar.



Ómar Már Jónsson.

Ómar segir jafnframt ekki rétt að tala um stöðuna eingöngu í tengslum við Ísafjörð, vandinn sé mun víðtækari en það. „Í raun má sjá sambærilega þróun víða á jaðarsvæðum, ekki bara hér á landi heldur í Evrópu og í raun er sam-

bærilega þróun að finna víða í heiminum. Sú aðferðafræði sem beitt hefur verið undanfarin ár hér á landi til að sporna við byggðaröskun hefur því miður ekki gengið, það sjá það allir sem vilja sjá og því verður að leita annarra leiða.

Lausnir ráðamanna þurfa að virka hvort sem er á Rauðarhöfn, Bildudal eða Ísafirði og getur tækifæri þeirra til dæmis verið fölgandi því að finna nýjar

leiðir til að snúa við þekkri byggðaröskun með aðferðum sem ekki hafa verið reyndar áður, eins og skattaávilnunum ýmiskonar og beita þeim á jaðarsvæðum á landinu öllu sem eiga undir högg að sækja. Mögulegt væri að stilla verkefninu upp sem evrópsku tilraunaverkefni og leita eftir fjármagni t.d. hjá Evrópusambandinu.

Aðferðafræðin yrði að leiða

til þess að fyrirtæki, fjárfestar og fjölskyldur sæju sér mun meiri hag af því að staðsetja sig á landsbyggðinni en verið hefur til þessa. Ef við myndum meðulin sem duga til að snúa áralangri byggðaröskun við mætti í mörgum tilfellum heimfæra það upp á önnur jaðarsvæði annars staðar og því gæti verið mikil verðmæti fölgin í slíkri þekkingu og reynslu.“ – *amnska@bb.is*



Veggspjaldið sem tekið var niður í Samkaupum.

## Ekkert kynlíf með Zero forleik á Ísafirði

Veggspjald með áletruninni „Af hverju ekki kynlíf með Zero forleik“, sem auglýsir nýjan kóladykk frá Coca Cola, var tekið niður í versluninni Samkaup á Ísafirði undir lok síðustu viku, eftir að kvartað hafði verið undan að það særdi blygðunarkennd viðskiptavina.

Samkvæmt heimildum blaðsins sagði einn viðskiptavina meðal annars að slagorðið hvetti mögulega til ofbeldis meðal ungra drengja. Stefán Torfi Sigurðsson, hjá Vífilfell á Ísafirði, segir ætlunina ekki hafa verið að særa blygðunarkennd nokkurs manns. „Etlun okkar var að fá fólk til að brosa út í annað“, segir Stefán.

„En við viljum ekki særa blygðunarkennd neins eða

móðga, svo veggspjaldið kom strax niður. En við höldum okkar striki með restina.“ Segir Stefán að honum þyki óneitanlega sem þessu fylgi nokkuð þúrítanískur þankagangur. „Það er afturhvarf til fortíðar í tíðarandanum þessa stundina. Mér finnst þurfa svolítið góðan vilja til að sjá eitthvað hroðalegt út úr þessu slagorði. Slagorðin í herferðinni eru öll í þessum gir: Af hverju ekki að snúa sér beint að kjarnanum og ekkert vesen.“

Nýi Zero-drykkurinn mun fyrst og síðast markaðssettur með karlmenn í huga. „Það má segja að með þessu séum við að reyna að búa til karlmannlegan, sykurlausan kóladykk. Það hefur löngum loðað við Diet Coke og Coca Cola

Light að þeir hafi kvenlegra yfirbragð, og hafa herferðir okkar spilað inn á það. Okkur hefur þótt vanta sykurlausan kóladykk fyrir karlmenn, enda hafa markaðsrannsóknir sýnt að karlmenn á aldrinu 15-35 ára drekka minna af sykurlausu gosi en aðrir hópar. Við sjáum þetta sem tækifæri til að stækka sykurlausa kólamarkaðinn, sérstaklega þar sem sykur er á undanhandi í drykkjarvöru“, segir Stefán.

Í Fréttablaðinu er haft eftir Árna Stefánssyni, forstjóra Vífilfells, að meðal þess sem gefi drykknum karlmannlegri áferð sé svartur litur umbúðanna og auglýsingaferðin sem er „talsvert beittari og meira ögrandi en fólk á almennt að venjast frá Coca Cola.“

### Nova Scotia Humar veisla á Fernando's



Lifandi humar fluttur inn sérstaklega fyrir veisluna!

Veislan verður þann 5. apríl og hefst borðhald kl. 20.00 og húsið opnar kl. 19.30.

Sætafjöldi takmarkaður við 45 manns.

Verð á manninn 6990 kr.

Vinsamlegast pantið borð fyrir 28 mars.

Borðapantanir hjá Viðari í síma 844-7128 eða með tölvupósti á [vidar@fernandos.is](mailto:vidar@fernandos.is)

**FERNANDO'S**  
restaurant

20 ÁRA



# Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!

## SJÓÐASTÝRING ÍV

### Sjóðastýring I

Mjög áhættulítill leið þar sem einungis er fjárfest í skuldabréfasjóðum

### Sjóðastýring II

Áhættulítill leið þar sem fjárfest er að lágmarki 70% í skuldabréfasjóðum

### Sjóðastýring III

Áhættumeiri leið þar sem fjárfest er allt að 60% í hlutabréfasjóðum

### KOSTIR SJÓÐASTÝRINGAR ÍV

- Lágmarksupphæð 1,5 mkr.
- Virk stýring miðað við aðstæður á markaði
- Lægri viðskiptakostnaður
- Beinn aðgangur að sérfræðingum
- Upplýsingar um eignastöðu í gegnum vef ÍV



ÍSLENSK VERÐBRÉF  
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

## 4.836 tonnum af þorski landað í febrúar

Alls var 4.836 tonnum af þorski landað á Vestfjörðum í febrúar og er það nokkru minna en árið áður, þegar 5.676 tonnum var landað. Samdrátturinn er 15%. Af ýsu var landað 2.370 tonnum í ár en 2.219 tonnum í fyrra, og eykst veiði því á milli ára um 6,8%. Karfaveiðin tvöfaldast tæplega á milli ára, fer úr 140 tonnum árið 2006 í 277 tonn í ár. Þá er sömuleiðis mikil aukning í steinbitsveiði, en í fyrra komu 712 tonn á land miðað við 1.009 tonn í ár, en aukningin er um tæplega 42%. Í febrúar í ár komu þá 281 tonn af grálúðu á land á Vestfjörðum, á miðað við 189 tonn í fyrra, og er aukningin um 48,6%.



### Ritstjórnargrein

## Orkubúið

Alþingi Íslendinga hefur verið frestað fram yfir kosningar 12. maí en eftir það ber þinginu að koma saman innan 10 vikna frá kjördegi. Margir gamlir jaxlar hverfa nú af þingi, fólk með áratuga setu sem þingmenn og ráðherrar og þeim fylgja nokkrir sem teljast verða nýliðar miðað við þá reynslumestu. Kosningarnar í maí kunna svo að leiða það af sér að fleiri veðri að taka pokann sinn en ætluðu.

Síðustu dagar þingsins voru í takt við fyrri tíma; annríki og átök við að koma sem flestum málum í gegn. Þrátt fyrir nefndarstörf, umræður og fyrirspurnir þingtímamann út í gegn eru stærstu og þýðingarmestu málin afgreidd á hunda-vaði á næturfundum síðustu daga þingsins. Afleiðing: Ólög sem leiddu til mestu eignaupptöku Íslandssögunnar, gjafakvótans, svo dæmi sé tekið.

Frestur er á illu bestur. Þegar útséð er að menn snúi ekki frá villu síns vegar er frestun á vitleysunni oft besta ráðið í stöðunni. Dæmi í þessa veru átti sér stað við þinglokin að þessu sinni þegar fyrirætlun iðnaðarráðherra um að koma Orkubúi Vestfjarða fyrir í einni af sjálfssagt mörgum skúffum Landsvirkjunar var slegið á frest. Þetta er fagnaðarefni. Frestunin á þessari fráleitu fyrirætlun vekur vonir. Hugmynd fyrrverandi iðnaðarráðherra að sölsa Orkubúið undir Rarik og Norðurorku fékk sem betur fer hægt andlát. Ástæðan fyrir hugmynd ráðherrans fyrrverandi var augljós. Ástæða núverandi iðnaðarráðherra fyrir að ætla að troða Orkubúinu „proforma“ undir hatt Landsvirkjunar hefur ekki verið útlístað á skilanlegu máli. Æði margir hneigjast að þeirri kenningu að slök eiginfjárstaða Landsvirkjunar valdi þessu brölti. Þessu hefur ekki verið mótmælt svo mikið hafi borið á.

Vestfirðingar voru tilneyddir að selja Orkubúið. Því olli slök fjárhagsstaða sveitarfélaganna, sem að verulegu leyti var til orðin vegna félagslega íbúðakerfisins, sem ríkissjóður taldi sig ekki bera neina ábyrgð á þegar afleiðingarnar hömlulausa íbúðabygginga, nánast um land allt, nýttust ekki sem skyldi þar sem eftirfylgnina, atvinnutækifæri fyrir fólkíð sem húsnæðið átti að laða á viðkomandi staði, vantaði.

Þar sem svo vel tókst til að Orkubúinu var forðað frá því á elleftu stundu að lenda í Landsvirkjunarskúffunni verða talsmenn okkar, sem nú sitja að borði með fulltrúum ríkisvaldsins í sérskipaðri nefnd í kjölfar baráttufundarins í Hömrum, að sjá til þess að málefni Orkubúsins verði tekið á dagskrá og óvissunni um framtíð þess eytt.

Við þurfum á öflugum Orkubúi að halda á Vestfjörðum. Meini stjórnvöld eitthvað með yfirlýsingum sínum um eflingu byggðakjarna á Vestfjörðum eiga þau að efla Orkubúið, færa því aukin verkefni.

s.h.

### Á þessum degi fyrir 21 ári

## Sundahöfn eða olíumúli

Það kom greinilega í ljós á fundi sem hafnarnefnd Ísafjarðar boðaði til á Hótel Ísafirði sl. laugardag, að nokkuð er fjarri því að Ísfirðingar séu sammála um það hvernig eigi að standa að uppbyggingu hafnarinnar og leysa þar með þann gífurlega vanda sem nú er vegna þrængsla. Á fundinum skiptust menn á skoðunum um það og gagnrýndu sumir mjög það sem þeir kölluðu fyrirhyggjuleysi við skipulag og ákvörðun um Sundahöfn. Hermann Guðjónsson forstöðumaður tæknideildar Vita- og hafnamálastofnunar hafði framsögu um málið og gat þess fyrst hve fjárframlög ríkisins hefðu dregist saman á undanförmum árum og eru nú einungis 74 milljónir króna á þessu ári, eða um 1/3 þess sem var að meðaltali árin 19-75-84. Hann rakti hve umferð um Ísafjarðarhöfn hefði aukist um svipað árabíl: skipakomum fjölga um nær 100%, landaður afli aukist um rúm 30%. Á sama tíma hefur viðleguþláss í höfninni aukist um rúma togaralengd. Unnið hefur verið fyrir 84 milljónir á þessum árum og þar af hafa 34 milljónir farið í 1. áfanga vöruhafnar á Sundasvæðinu.



Fulltrúar Í-listans í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýsa yfir furðu sinni vegna skipan nefndar á vegum ríkisstjórnarinnar sem hefur það hlutverk að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

## Tímasóun að skipa nefnd til að fjalla um tillögur sem þegar liggja fyrir

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fagnar því frumkvæði íbúa að halda opinn borgarafund undir yfirskriftinni „Lífi Vestfirðir.“ Fundurinn var afar vel sóttur og málefnalegur þar sem vandamál og ekki síst tækifæri Vestfjarða voru til umræðu. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar tekur heilshugar undir ályktun fundarins sem samþykkt var samhljóða.“ Þetta

er meðal efnis í tillögu sem Arna Lára Jónsdóttir bæjarfulltrúi lagði fram fyrir hönd Í-lista á fundi bæjarstjórnar.

Arna Lára segir mikilvægt að taka undir ályktunina og sýna þannig stuðning í verki en tillagan var samþykkt 8-0. Í bókun segir einnig „fulltrúar Í-listans í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lýsa yfir furðu sinni vegna skipan nefndar á vegum

ríkisstjórnarinnar sem hefur það hlutverk að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum.

Telja þau það vera tímasóun að skipa nefnd til að fjalla um tillögur sem liggja nú þegar fyrir, í því samhengi má nefna þær tillögur sveitarstjórna á Vestfjörðum sem lagðar voru fyrir ríkisstjórnina í byrjun febrúar og tillögur verkefnis-

stjórnar um byggðaaætlun fyrir Vestfirði.“

„Við teljum að skipun nefndarinnar sé til þess gerð að tefja málin þar sem að kröfur okkar eru mjög skýrar og margar fyrirliggjandi tillögur sem eru raunhæfar og haldgóðar. Bókunin beinir því jafnframt til þeirra ágaetu manna er starfa í nefndinni að hraða störfum sínum.“ – *annska@bb.is*

## Fresta viðræðum um sameiginlega lögreglu-, slökkvi- og björgunarmiðstöð

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar lagði á dögnum til að bæjarstjóra og bæjartækniþæðingi yrði falið að hefja viðræður við sýslumanninn á Ísafirði og Slysavarnafélagið Landsbjörgu vegna mögulegrar byggingar á sameiginlegri slökkvistöð, björgunarmiðstöð og lögreglustöð fyrir

svæðið. Á fundi bæjarráðs á dögnum gerði Sigurður Pétursson, bæjarfulltrúi Í-listans, athugasemd við fyrirhugaðar umræður og lét bóka að hann teldi ekki rétt að bæjarstjórn eða bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar hefði frumkvæði að viðræðum um byggingu lögreglu-, slökkvi- og björgunar-

miðstöðvar í Ísafjarðarbæ.

Í bókun Sigurðar segir m.a.: „Ekkert formlegt erindi hefur borist bæjarráði um þetta mál frá sýslumannsembættinu eða öðrum aðilum. Engar áætlanir um slíka byggingu hafa verið ræddar í nefndum eða ráðum bæjarins eða sýnt fram á brýna þörf málsins. Staða bæjarsjóðs

leyfir ekki stórfelld útgjöld á þessu málavíði þegar önnur verkefni standa fyrir dyrum svo sem bygging nýrrar sundhallar.“ Lagði Sigurður til að málinu yrði frestað um sinn, og samþykkti bæjarráð það en bókaði jafnframt að bæjaryfirvöld skyldu gæta þess að vera samstíga öðrum aðilum í málinu.

**Útgefandi:** H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is* · **Blaðamenn:** Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 *eirikur@bb.is* – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is* – Anna Sigríður Ólafsdóttir, símar 456 4680 og 860 6062, *annska@bb.is* · Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, *tinna@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is* · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X



# Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 22. mars - 25. mars

	<p><b>269</b> kr/kg Verð áður 416 kr/kg</p> <p><b>Grísnitzel naggar</b></p>		<p><b>169</b> kr/kg Verð áður 206 kr/kg</p> <p><b>Lasagnablöð 250 gr.</b></p>		<p><b>Nýjung frá Coca Cola</b></p> <p><b>Coca Cola ZERO</b></p>
	<p><b>395</b> kr/kg Verð áður 609 kr/kg</p> <p><b>35% afsláttur</b></p> <p><b>Kjúklingaleggir magnkaup</b></p>		<p><b>299</b> kr Verð áður 399 kr</p> <p><b>Café Mini Brownie 240 gr</b></p>		<p><b>219</b> kr/kg Verð áður 305 kr/kg</p> <p><b>Borgarnes skinka 165 gr.</b></p>
	<p><b>99</b> kr</p> <p><b>7-Up free og 7-Up 2 ltr.</b></p>		<p><b>20% afsláttur</b></p> <p><b>Nivea Men vörur</b></p>		<p><b>189</b> kr/stk Verð áður 234 kr/stk</p> <p><b>Rauð epli í poka 1,36 kg.</b></p> <p><b>89</b> kr/stk Verð áður 116 kr/stk</p> <p><b>Íslenskar agúrkur</b></p>

**Samkaup** *úrval*


# Mötuneyti á vegum Ísafjarðarbæjar lækki gjöld um 9% í byrjun ágúst

Samkvæmt tillögum um leikskóla almennt lækka um 9%, og sama lækkun er lögð matarkostnaðar í mötuneytum Ísafjarðarbæjar mun gjaldskrá

ureyri, Flateyri og Þingeyri. Hins vegar er mötuneytið í Grunnskólanum á Ísafirði bundið af samningi við SKG-veitingar, en í þeim samningi er uppsagnarákvæði sem segir að hægt sé að segja samningi upp með 6 mánaða fyrirvara af hvorum aðila sem er. Þá segir að verðlag á mat skv. tilboði taki breytingum skv. neysluvísitölu 1. ágúst ár hvert.

Í bréfi sem Ingibjörg María Guðmundsdóttir, forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar, skrifar bæjaryfirvöldum vegna þessa máls segir meðal annars. „Það er ekkert annað ákvæði í samningnum sem hægt er að vísa til við endurskoðun skv. bókun bæjarstjórnar. Ekki borgar sig að segja upp samningnum því uppsögn tæki gildi eftir næstu vísitölutengingu og í næstu vísitölutengingu kemur fram ef verðbólga hefur minnkað í samræmi við lækkun gjaldskráa. Það er því ekki hægt að endurskoða verð í mars á grundvelli samnings.“

Segir Ingibjörg einnig að þar fyrir utan sé verðfyrirkomulag það sem samþykkt var síðastliðið haust þess háttar að foreldrar sem hafi skráð börn sín í mat alla önnina hafi nú þegar notið 12% lækkunar á matarkostnaði, ef miðað er við neysluvísitölu þann 1. ágúst síðastliðinn. Foreldrar sem skráð hafa börn sín í mötuneytið einn mánuð í senn hafa fengið 7% afslátt allt skólaárið. „Það er því óhætt að segja að foreldrar barna í Ísafjarðarbæ hafi notið lækkunar í 9 mánuði en ekki eingöngu síðustu 3 mánuði skólaársins. Á sama tíma hefur verið hækkun á hráefni hjá mötu-



Lækka á verð í mötuneytum Ísafjarðarbæjar.

neytum í samræmi við verðbólgu og þá vísitöluhækkunir. Gjaldskrá SKG veitinga stóð í stað milli ára ef foreldrar skráðu barn sitt alla önnina í matinn. Það hafa því ekki komið til framkvæmda hækkunar skv. vísitölu eins og ráðgert er í samningi þeirra. Sú vísitala sem þeir hefðu getað hækkað skv. á nú að lækka í kjölfar lækkunar á skattlagningu matvæla. Það er því óraunhæft að ætla SKG veitingum að lækka um verðbólgu sem þeir hafa aldrei sett á.“

Þá segir að sama eigi við um matarsölu til íbúa Hlífar, dvalaríbúða aldraðra, en kaupendur þar fá 7% lækkun á matarskammt ef þeir eru skráðir í mánaðarskrift.

Þá segir í bréfinu: „Ef bæj-

Einnig hækkðu fæðisgjöld grunnskólabarna á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri þegar reynt var að samræma gjöld innan Ísafjarðarbæjar. Gerð er tillaga um að lækka það. Fæðisgjöld hjá SKG veitingum hækkðu hins vegar ekki til neytenda ef nýttur er fullur afsláttur og hafa þá verið þau sömu sl. 2 ár. Meðal annars af þeirri ástæðu er ekki gerð tillaga um að lækka þá gjaldskrá.“

Vekur Ingibjörg María einnig athygli á því í bréfi sínu að mötuneyti Ísafjarðarbæjar njóta tilsagnar og ráðgjafar frá matvælafræðingi samkvæmt samningi, og segir að það fyrirkomulag hafi reynst vel. „Nú horfa önnur sveitarfélög til okkar reynslu í þessum efnum við að koma slíku á hjá sér. Þær aðfinnslur og gagnrýni sem komið hefur fram í fjölmiðlum undanfarið um skólamötuneyti á höfuðborgarsvæðinu á ekki við hjá okkur. SKG veitingar hafa verið með einstaklega fjölbreyttan matseðil, vel samsettan, alla tíð verið með salatbar með almennum mat og þetta skólaárið verið með tvöfalda matseðil fyrir unglingsstigið. Allt eru þetta atriði sem gagnrýnd mötuneyti eru að taka upp til að bæta sig.“

Bæjarráð tók tillögur Ingibjargar til umfjöllunar og lagði til við bæjarstjórn að gjaldskrár í mötuneytum reknur af Ísafjarðarbæ lækka um 9% frá og með 1. mars síðastliðnum. Bæjarstjóra var falið að ganga til viðræðna við SKG-veitingar vegna lækkunar á gjaldskráum þeirra vegna Grunnskólans á Ísafirði, Bakkaskjólans í Hnífsdal og Hlífar á Torfnesi.



Elskulegur sambylismaður minn og sonur, faðir okkar og fósturfaðir

## Eiríkur M. Þórðarson

Fjarðarstræti 2, Ísafirði

lést af slysförum 13. mars. Jarðaförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju föstudaginn 23. mars kl. 14:00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á björgunarsveitirnar á Vestfjörðum

Pálína K. Þórarinsdóttir

Erla Þorvaldsdóttir

Avona María Eiríksdóttir Fannar Ingason

Brynjar Ingason Almar Ingason

Ottar Gunnarsson Ingi Guðmundsson



Kæru ættingjar og vinir. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langlangömmu

## Guðrún Guðmundsdóttir

frá Flateyri

Sérstakar þakkar til starfsfólks Hlífar og Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ

Pórunn Kristín Bjarnadóttir

Guðrún Bjarnadóttir

G. Skúli Bjarnason

Sæþór Mildinberg Þórðarson

Þórður Sæberg Bjarnason

og aðrir atkomendur.

Ingimundur Guðmundsson

Guðmundur Björn Hagalínsson

Halldóra Ottósdóttir

Marta Margrét Haraldsdóttir

Ulla Faag

og aðrir atkomendur.



Innilegar þakkar til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við fráfall elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

## Per Sulebust

Aðalstræti 6, Bolungarvík

Grétar S. Pétursson

Anna S. Péturssdóttir

Ólafur S. Kristinsdóttir

Gísli Hallgrímsson

barnabörn og langafabörn.

Sólveig S. Kristinsdóttir

Gísli Hallgrímsson

og aðrir atkomendur.

## STAKKUR SKRIFAR

# Sjósókn og fórnir

**Stakkur** hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Það kreppir að okkur Vestfirðingum. Við höfum séð dökkt útlit fyrr. En nú höfum við enn verið minnt á það hve náttúran getur reynst óblíð og grimmt. Tveir sjómenn fórust í síðustu viku og öll erum við hnípin og hugur okkar er með þeim sem eiga um sárt að binda. Aðstandendum eru sendar dýpstu samúðarkveðjur vegna missis þeirra. Á stundu sem slíkri skortir orð. Vestfirðingar hafa sótt sjóinn og viljað hafa til þess frelsi og aðstæður hafa skapað þann veruleika að nú er sjórinn sóttur fast á litlum bátum. Stærri skipin eru farin annað og því verður að horfast í augu við þann veruleika, að þeir sem sækja á smærri skipum eiga erfiðari leik. Þau þola ekki sömu veður og geta ekki sótt eins langt og hin. Íslenska þjóðin á sér nokkuð langa sögu slysavarna sem urðu til þess að Slysavarnafélag Íslands var stofnað árið 1928. Þjóðin vildi leggja sitt af mörkum til þess að varna slysum og takast á við afleiðingar þeirra.

Enn eru þeir góðu menn, karlar og konur, sem leggja sitt af mörkum til að bjarga fólki við erfiðar aðstæður afar mikilvægur hlekkur þjóðlífsins og verður svo um ókmna tíð. Margt hefur áunnist á liðnum áratugum og sjónir okkar beinast enn að því sem betur má fara. Það er því í skugga þess að tveir sjósóknarar létu lífið í harðri lífsbaráttu sem umræðan um úrlausn handa Vestfirðingum fer fram.

Eins og nú háttar til á Alþingi, komið að lokum kjörtímabils og allt í hers höndum ef svo má segja eru líkur á því að fundin verði lausn strax, afar litlar. Enn sem fyrr munu heimamenn taka að sér það hlutverk að vera í fararbroddi. Lausnir verða að fæðast hér heima fyrir innan fjórðungs, en þar með er ekki sagt að lausnir verði ekki þegar annars staðar frá. Við þurfum á öllu okkar að halda og meiru til. Enn fúrða margir sig á því hvers vegna Vestfirðingar máttu ekki stunda sauðfjárbúskap. Héðan hefur komið eitt besta fæð á Íslandi um aldir.

Sjálfsgætt hefur það verið sama eðli kvótakerfis og sjávarútvegi sem þar réði för. En hverju sem sætti var kvótinn skorinn niður í landbúnaði, en hann hvarf að miklum hluta vegna ákvarðana þeirra sem trúað var fyrir honum í sjávarútvegi. Engu að síður hafa verið til hér menn sem hafa barist áfram við þær aðstæður sem þeim voru skapaðar og áttu ekki aðra kosti en smáskipaútgætur. Því þarf að breyta eða að minnsta kosti skoða alla fleti á því að kvótinn geti nýst á stærri skipum sem þola betur sjósókn en þau mörgu smáu skip sem nú eru gerð út.

Engu að síður hafa þeir sem stundað hafa smáskipaútgætur sýnt af sér mikinn dugnað og því er sorgin mikil þegar menn láta lífið við það að draga fisk að landi.



# Ráðstefna um málefni innflytjenda í Háskólasetrinu á Ísafirði

Fjölmenningssetrið og Háskólasetur Vestfjarða ætla að halda ráðstefnu á Ísafirði dagana 26.-28. mars nk., þar sem margir helstu fræðimenn í málefnum innflytjenda og byggðapróunar flytja erindi. Málefni innflytjenda hafa mikið verið í deiglu upp á síðkastið og hafa margar spurningar vaknað um stöðu þeirra og hvert hlutverk stjórnvalda sé gagnvart þeim. Í tilkynningu vegna ráðstefnunnar segir m.a.: „Ákveðinn ótti hefur einkennt umræðuna, meðal annars hvort íslenskt samfélag geti tekið við þeim fjölda innflytjenda sem hefur flust til Íslands síðastliðið ár

eftir frekari opnun Evrópu. Hafa innflytjendur eitthvað fram að færa til samfélagsins eða eiga þeir að samlagast þjóðfélaginu? Á sama tíma og landsbyggðin glímir við fólksfækkun hafa innflytjendur flust á landsbyggðina og að einhverju leyti stemmt stígu við þessari þróun. En hver eru áhrifin? Eru innflytjendur hvalreki eða ógn fyrir samfélög á landsbyggðinni?“

Meðal þeirra sem ætla að hafa skoðun á þessum málefnum eru breski sendiherrann Alp Mehmet og Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra. Þá mun Philomena de Lima greina frá stöðu far-

andverkafólks í dreifbýli á Bretlandi. De Lima mun einnig fjalla um orðræðuna sem á sér stað í Bretlandi um þessar mundir. Hún segir neikvæða orðræðu um innflytjendur oft vatnstengda samanber „flooded“ og „swamped“ í ensku. Á Íslandi tengist orðræðan einnig vatni, svo sem þegar talað er um „mikið flæði“ af innflytjendum og „stríðan straum“ af erlendu vinnuafli.

David Bruce mun kynna verkefni í Kanada þar sem markvisst var unnið að því að laða innflytjendur til þeirra sveitarfélaga þar sem fólksfækkun var mikil. Hvað var gert og skilaði það árangri fyr-

ir byggðarlagið? Geta sveitarfélög hérlendis nýtt sér reynslu Kanadamanna? Norska fræðakonan Marit Anne Aure segir frá rannsókn sinni á aðstæðum farandverkafólks í norðurhluta Noregs, á bakgrunni þess og stöðu, af hverju einstaklingur gerist farandverkamaður og hvaða áhrif það hefur á líf hans.

Nátengdur umfjöllunarefni Marit Anne Aure er fyrirlestur Unnar Dísar Skaptadóttur og Önnu Wojtynsku sem fjallar um innflytjendur á Vestfjörðum, „Vestfirðir, heimili eða verbúð?“ Þær spyrja hvernig reynslan við að flytja til nýs staðar hefur áhrif á sjálfsmynd

einstaklings og hvaða hópi hann tilheyrir. Þetta eru aðeins nokkur dæmi um þá áhugaverðu fyrirlestra sem verða á ráðstefnunni. Á vef Háskólaseturs Vestfjarða má fá nánari upplýsingar um erindi Berglindar Ásgeirsdóttur, Brendu Grzetic, Rolands Beshiri, Barböru Neis, Hafliða H. Hafliðasonar, Magnfríðar Júlíusdóttur, Wolfgang Boss-

wick og Sigríðar Elínar Þórardóttur.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra mun setja íbúáþing sem verður haldið í tengslum við ráðstefnuna þar sem stjórn málaumræðan verður tekin fyrir. Ráðstefnan hlaut styrk frá Evrópusambandinu í tengslum við vitundarvakningu í samfélögum.

– eirikur@bb.is



Ísafjörðarhöfn.

## Ríflega þrjú þúsund tonn- um af afla landað í desember

Alls var landað 3.114 tonn- um af afla á Vestfjörðum í nýliðnum desember mánuði, og er það nokkuð minna en var landað í sama mánuði árið áður, þegar 4.393 tonn komu á land. Samdrátturinn er 29% á milli ára. Ekki segir það þó alla söguna því afurðaverð er með þeim hætti að dálítið meira fé fékkst fyrir þann fisk

sem kom á land í desember 2006, en í desember 2005.

Aflaverðmæti í nýliðnum desember var ríflega 384 milljónir króna, en á sama tíma árið áður var aflaverðmæti að upphæð tæplega 382 milljónum króna. Aukning í aflaverðmæti er upp á 0,6%. Í desember árið 2006 fengust að meðaltali 123.395 krónur

fyrir hvert tonn af afla, en árið áður fengust að meðaltali 86.923 krónur fyrir hvert tonn af afla. Aukningin er 42% á milli ára. Þó ber að hafa í huga að fleira kemur inn í en afurðaverð, eins og til dæmis skipting afla, gjaldeyrisstaða og fleira.

Til samanburðar má nefna að á sama tímabili dróst veiði

á höfuðborgarsvæðinu saman um 28,5%, og aflaverðmæti dróst saman um 9%.

– eirikur@bb.is

## Kalla eftir aðgerð- um í atvinnumálum

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur kallað eftir aðgerðum stjórnvalda vegna þess ójafnaðar sem atvinnulíf á Vestfjörðum býr við, og vill fá aðgerðir nú þegar. „Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa lagt fram fyrir stjórn og stjórn- arandstöðu metnaðarfullar og raunhæfar tillögur til úrbóta. Þar komu m.a. fram tillögur um bættar samgöngur, jöfnun flutningskostnaðar með strand-

siglingum, flutning opinberra starfa á svæðið og leiðréttingu á tekjustofnum sveitarfélaganna. Staðan er öllum ljós og nú er kominn tími á aðgerðir,“ segir í bókun bæjarráðs Bolungarvíkur.

Eins og greint hefur verið frá eru nokkrar áhyggjur af stöðunni á norðanverðum Vestfjörðum í kjölfar ýmissa áfalla undanfarnar vikur, og ber þar líklega helst að nefna

gjaldþrot byggingarfyrirtækisins Ágústs og Flosa og ákvörðun hátækniyrirtækisins Marels að flytja starfsstöð sína hér í bænum, sem eitt sinn hét POLS og var í eigu Ísfirðinga, suður á höfuðborgarsvæðið. Þá hefur Síminn verið að draga úr starfsemi hér, rannsóknastofunni Agar var nýlega lokað og fleira mætti telja til.

– eirikur@bb.is



**Bolungarvíkurkaupstaður**

### Útboð – Bygging dælustöðvar

Vatnsveita Bolungarvíkur óskar eftir tilboðum í verkið „Dælubrunnur við Ljósa-land.“ Um er að ræða staðsteypta byggingu á einni hæð. Bygginguna skal fullgera ásamt frágangi lóðar.

**Helstu magntölur:**

Stærð byggingar	12m <sup>2</sup>	52m <sup>3</sup>
Steypa	15m <sup>3</sup>	
Mót	120m <sup>2</sup>	
Járn	900 kg.	

**Verkinu skal að fullu lokið 1. sept.2007.**

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar, Aðalstræti 10-12 gegn 3.000.- króna greiðslu.

**Tilboð verða opnuð** á skrifstofu Bolungarvíkurkaupstaðar, Aðalstræti 10-12, miðvikudaginn 4. apríl 2007 kl. 11:00.

Tæknideild Bolungarvíkur.

## Meiraprófsnámskeið

· leigubifreið · vörubifreið · hópbifreið · eftirvagn

### Ísfirðingar og nágrannar ath!

Námskeið til aukinna ökuréttinda verður haldið á Ísafirði föstudaginn 30. mars næstkomandi.

**Ath! Verkalýðsfélag veita allt að 100 þúsund króna styrk. Sama verð og á höfuðborgarsvæðinu!**

Skráning í sínum 581 2780, 822 2908 og 692 4124.

Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða.

**Ökuskóli S.G.**

„Vagninn hefur verið mikill skóli fyrir mig í því að koma fram. Ég veit ekki hversu oft ég hef spilað þar. Ég söng til dæmis fyrst á Vagninum, en það hefur mér alltaf þótt mjög erfitt. Það er bara eitthvað við þennan stað, hann er svo miklu meira en pöbb. Það hreinlega varðar byggðamál að halda svona stað gangandi.“



# „Bakgrunnur okkar gerir okkur að því sem við erum“

Halldór Gunnar Pálsson er Vestfirðingur í húð og hár. Hann er sonur Páls Sigurðar Önundarsonar frá Flateyri og Magneu Kristjönu Guðmundsdóttur frá Ingjaldssandi. Halldór Gunnar er næst elstur fjögurra systkinum, þeirra Önundar Hafsteins, Hákons Þórs og Birnu Drafnar. Hann er í sambúð með Svandísi Lilju Nielsdóttur. Halldór Gunnar ólst upp á Flateyri og var þar til ársins 1998 er hann hleypti heimdraganum og fór til náms í höfuðborginni. Hann hefur þó ekki slitið sig alfarið frá æskulóðunum og er svo að segja alltaf með annan fótinn „fyrir vestan.“ Hann hefur marga fjöruna sopið á tiltölulega stuttri ævi, en í viðtalinu ræðir hann um æskudrauma, vináttuna, vinnuna og tónlistina sem skiptir hann miklu máli. Á síðasta ári stofnaði hann kór með æskufélögnum frá Flateyri, samdi tónlist á heila kórplötu ásamt félagi sínum og gaf svo afraksturinn út á geislaplötu fyrir jólin. Þar er einungis talið upp lítið brot af því sem hann hefur verið að fást við því drengurinn er með eindæmum iðinn og ávallt með mörg járn í eldinum.

## Æskudraumurinn

„Ég ætlaði alltaf að verða kokkur og fékk samning á Hótel Sögu. Þá var ég 17 ára og fluttist til höfuðborgarinnar. Ég hef verið á nokkru flakki á milli síðan, en þarna fyrst var ég í tvö ár og kom svo aftur. Núna er ég svo í Reykjavík—en bý samt þannig lagað séð á Flateyri. Ég er með lögheimili mitt að Ólafstúni 6 og þannig vil ég alltaf hafa það.“

—Ætlaðirðu alltaf að verða kokkur?

„Það er ágætis saga á bak við það að ég ætlaði að nema kokkafraðina á sínum tíma. Þegar ég var 10 ára fékk ég kokkabókina „Mikki eldar“ að gjöf, en þar var Mikki mús að elda fyrir gesti. Ég eldaði í framhaldinu kjöthleif fyrir fjölskylduna. Eftir gjörming-

inn settist öll fjölskyldan að borðum og beið þess spennt að borða matinn sem kokkurinn verðandi hafði reitt fram, þess er skemmt frá að segja að maturinn var vægast sagt ógeðslegur. Þetta reyndar drap ekki drauminn, ég ætlaði aldrei að vera neitt annað en kokkur þar til ég varð 18 ára gamall. Ég var búinn að fást við eldamennsku af ýmsum toga. Ég var að vinna í mótuneytinu

þegar verið var að byggja snjóflóðavarnirnar á Flateyri og ég hef örugglega bakað 50 pizzur á kjaft á Flateyri. Ég sver það að ég fylgdi pizzaofninum í öll hús sem hann fór í á Flateyri. Ég bakaði fyrstu pizzuna mína þegar ég var 13 ára gamall, en það ætlaðist þannig að sá sem átti að baka hana var þunnur og mætti ekki í vinnuna og ég fenginn til að gera hana í staðinn, hún var viðbjóðsleg. Hinni Kristjáns á Flateyri fékk svo þessa blessuðu pizzu og hann kom brunandi til baka með hana og spurði hvað í ósköpunum þetta væri. Þannig að það er óhætt að segja að ég hafi lært það „erfiðu leiðina“ að baka pizzur.“

—En hvernig fór svo fyrir kokkanáminu?

„Það varð heldur endasleppt, ég hafði ekki lengur tíma til að spila á gítar. Ég var að vinna frá fimm á morgnanna til eitt á nóttunni 7 daga vikunnar og léttist um 30 kíló

fyrsta eina og hálfra mánuðinn.“

—Þetta hefur verið púl.

—Já. Ég bjó þarna við hliðina á Hótel Sögu og eina sem ég gerði var að labba í vinnu og vera þar. Ég átti auðvitað bara að vinna venjulegar vaktir, en síðan var alltaf bara sagt við mig „já og þú ert að vinna á morgun.“ Það var s.s. aldrei spurt, bara skipað. Það endaði auðvitað með því að ég hætti bara. Ég kann að elda og það er nóg fyrir mig.“

—Það er kannski óhætt að segja að þrældómurinn hafi drepið drauminn?

„Já. Mig langaði ekki einu sinni til að prófa að fá samning á öðru hóteli, þó þetta hefði verið draumurinn í öll þessi ár. Hann bara fuðraði upp í púlinu. Ákvörðunin var ekki mjög flókin. Ég einfaldlega verð að hafa tíma til að spila, annars líður mér illa.“

## Tónlistin

—Hvenær byrjaðir þú að garfa í tónlist?

„Hún hefur verið hluti af lífi mínu frá því að ég man eftir mér. Það er svo fyndið að nýverið komst ég yfir umsögn um mig frá tónlistarskólunum á Flateyri þegar ég var 10 ára pianónemandi og þar var sagt „Halldór Gunnar er mjög hæfileikaríkur ungur maður, en hann þarf að hafa stjórn á skapi sínu og æfa sig heima.“ Annars fór ég þessa hefðbundnu leið í tónlistarskóla þar sem ég lærði á blokkflautu og pianó. Þegar ég var 12 ára, var Stína amma með umboð fyrir einhverja kassagítara á Flateyri. Hún kenndi mér fyrstu gripin og lánaði mér Gítarskóla Ólafs Gauks, sem ég gleymdi að vísu alltaf að skila, þar lærði ég að spila Stína var lítil stúlka í sveit til að mynda. Önni bróðir var að spila á trommur og mig langaði alltaf til að spila á trommur líka, en síðan sá ég bara hvað hann var ferlega góður og snarhætti við.

„Ég áttaði mig líka á því að það er ekki nóg að vera góður, maður þarf líka að vera skemmtilegur svo einhver nenni að hlusta á mann. Ég hef reynt að gera það, að geta spjallað við hvern sem er um hvað sem er, þó ég viti ekki endilega voða mikið um það.“

Þá ætlaði ég að spila á gítar, en Önni sagði að ég væri með svo ferlega asnalega putta að það myndi sjálfsagt aldrei ganga. Nema að ég hætti að spila á gítar í tvö ár. Ég byrjaði aftur að spila 14 ára. Ég fór þá í Skífuna í Reykjavík og keypti mér gítar, en þetta hefur örugglega verið í eina skiptið sem Skífan seldi gítara. Ég var búinn að semja fyrsta lagið mitt á hann þegar ég kom út á bílastæði.“

– Og ertu búinn að spila síðan?

„Já og það má segja að Kristinn Nielsson hafi ýtt mér af stað, hann var fyrsti gítarkennarinn. Hann kenndi mér þrjú Rolling Stones lög og einn sólóskala og síðan var bara djammað. Ég var alltaf síðastur í tíma hjá honum og tímarnir mínir voru aldrei hálf tími. Við spiluðum líka mikið með honum og settum til að mynda upp Rolling Stones sýningu. Hann kenndi Gogga að tromma og Hlyni á bassa og það má segja að hann hafi búið okkur til.“

– Hann hefur greinilega verið mikil hvatning.

„Já alveg klárlega. Hann er líka rokkskrímsli í dulargervi og ferlega skemmtilegt að spila með honum.“

– Þetta er kannski eitt dæmi um það hvað ein manneskja getur haft mikil áhrif á samfélagið sitt.

„Já nákvæmlega. Þarna kemur Ísfríðingur nýkominn úr námi frá Svíþjóð og allt í einu höfum við þrjú stráka sem kunna að spila í hljómsveit. Næstu 10-15 árin eru þeir svo að spila á böllum fyrir Flateyri og síðan erum enn að spila á böllum fyrir Flateyri. Í framhaldi af tónlistarnáminu á Flateyri fór ég svo í tónlistarskólann á Ísafirði og fór svo að kenna við hann bæði á Flateyri og á Þingeyri. Síðan fór ég loksins í FÍH, en þangað var ég búinn að vera á leiðinni í 10 ár. Ég þorði bara aldrei að fara í inntökuprófið.“

Ég trúir því að einn góðan veðurdag verði ég góður í tónlist. En á leiðinni þangað hef ég verið að lenda í eins og ýmsum störfum sem hægja á mér á leiðinni þangað. Ég ætlaði einhver tíman að verða besti gítarleikari í heimi, en síðan áttaði ég mig á því að það myndi sennilega ekki gerast. Ég áttaði mig líka á því að það er ekki nóg að vera góður, maður þarf líka að vera skemmtilegur svo einhver nenni að hlusta á mann. Ég hef reynt að gera það, að geta spjallað við hvern sem er um hvað sem er, þó ég viti ekki endilega voða mikið um það.“

### Breytt um stefnu

– Og núna ertu á öðrum vetri í FÍH, hvernig gengur?

„Já. Það gekk rosa vel í fyrri, fyrsta veturinn minn. Síðan lenti ég bara í svo svakalegri vinnu núna í vetur.“

– Hvernig vildi það til?

„Sko, í fyrrasumar fékk ég svona Flateyriar-syndrome sem er sameiginlegt með öllum litlum bæjum úti á landi. Skólinn var búinn og ég ætlaði ekki að fara vestur um sumarið því það hefði kostað svo mikið að leigja íbúðina og svona. Þá þurfti ég að finna mér vinnu og ég var búinn að lofa sjálfum mér því að núna myndi ég finna vinnu sem hentaði vel með tónlistinni, ekki Hótel Saga, ekki að slægja, ekki fiskvinnsla, ekki moka skurði, ekki keyra vörubíl heldur eitthvað svona næs. Ég sendi út einhverjar skriflög umsóknir, en fékk engin svör strax. Þannig að eftir þriggja daga atvinnuleysi fannst mér ég bara vera algjör aumingi og þetta gamla „að taka fyrstu vinnuna sem býðst, annars færð þú enga vinnu“ tók yfir. Ég gleymdi alveg að hugsa til þess að í Reykjavík eru einhverjir 3500 vinnustaðir. Þannig að á fimmtán mínútum fann ég staðinn, fór í viðtal og réði mig í vinnu sem bananabilstóri.“

– Bananabilstjóri?

Já, ég var í svona Chiquita úlpu og keyrði um að rauðum og hvítum kassabíl sem stóð á risa stórum stöfum „bananar.“ Í starfinu fólst að keyra bananum og öðrum ávöxtum og grænmeti í verslanir á höfuðborgarsvæðinu og þetta er án efa það leiðinlegasta sem ég hef gert. Mér fannst þetta reyndar svo fátíðlegt að ég gat ekki annað en hlegið að þessu, ég meira að segja samdi lag um þetta og spilaði í afmælinu mínu. Vinir mínir voru alveg gapandi og skildu ekki hvað ég var að hugsa.

Þegar ég var búinn að vera bananabilstjóri í einn og hálfan mánuð eða svo þá hringir hjá mér síminn og á hinum enda línunnar var kona að hringja frá Skífuni sem vildi endilega fá mig í atvinnuviðtal. En meðal staða sem ég hafði sent inn umsókn á var Skífan, í henni bað ég um vinnu með náminu og sagðist m.a. hafa mikinn áhuga á tónlist. Eitthvað gekk nú illa að finna út tíma sem ég gæti hitt konuna á næstu dögum, þannig að ég endaði með að segja: „Heyrðu segðu mér bara hvort það er eitthvað laust, því ég hreinlega hef ekki tíma til að hitta þig.“ Hún gefst ekki upp og segir það mikilvægt að fá mig í viðtal, þannig að ég fæ mig lausan fyrr þarna seinni-partinn og fer heim úr Chiquita gallanum og raka mig og hef



mig örlítið til. Nema við erum ekki búin að spjalla lengi í viðtalinu þegar hún segist vera að leita sér að verslunarstjóra. Eitt leiðir af öðru og ég er þarna ráðinn sem verslunarstjóri yfir Skífuni við Laugarveg, en núna er búið að bætast við hjá mér Skífan í Kringlunni. Þetta hefur allt gerst hratt og það er búið að vera mjög mikið að gera og þar af leiðandi oft erfitt að samræma nám og vinnu. Til að mynda komu jafnmargir inn í verslunina á Þorláksmessu og búa á öllum Vestfjörðum.“

– Hafðirðu fengist við eitthvað af þessum toga áður?

„Nei, en ég var spurður að því í viðtalinu hvort ég hefði einhverja reynslu af stjórnunarsköfnum og ég neitaði því, en sagðist þó hafa verið í hljómsveit frá 14 ára aldri og það væri ekkert grín að halda utan um svoleiðis. Síðan bara virkar alltaf flott að segjast vera að vestan og hafa unnið í fiski.“

– Það er alveg merkilegt hvað það nær langt.

„Það er bara allt annað vinnuskiðferði sem er innprentað hjá okkur. Það er þetta við-

mikið upp úr góðum starfsanda?

„Já og þessi ferð var alveg rosalega skemmtileg. Við vorum þarna tveir utan að landi, ég héðan og svo annar strákur að austan og ein starfsstúlkan spurði hvort við þekktumst ekki fyrir þar sem við værum jú báðir utan að landi.“

– Hvernig hefur þú aðlagast borgarlífinu?

„Bara alveg ágætlega. Ég vinn mikið og það er mikið að gera hjá mér. Ég nenni ekki að hanga í Reykjavík, þar vil ég bara hafa nóg að gera, ef ég vil hanga eitthvað eða hafa það náðugt þá kem ég vestur.“

– En var ekki rólegra hjá þér í fyrravetur en núna?

„Nei ég gleymdi sko alveg að segja frá því að með tónlistarnáminu fyrst um sinn var ég að múra og ég var að vinna svo mikið að ég rétt drattaðist í skólann með múrsletturarnar í hárinu. Ég reyndar hætti því þegar ég fór að kenna tónlist, en ég var að kenna á gítar í tveimur tónlistarskólum þarna fyrir veturinn. Við erum að tala um að ég þurfti að borga hálfan milljón fyrir veturinn í skólann, þar sem ég fékk ekki styrk frá sveitarfélaginu mínu til jöfnunar á námi af því að það er tónlistarskóli á Ísafirði. Jöfnunin er núna komin í gegn sem er alveg frábært. Við erum að tala um að FÍH er mjög dýr skóli, hann er bara svipað dýr og góðir tónlistarskólar erlendis sem eru á háskólastigi. Ég var reyndar í öllu þarna í fyrravetur, ég nýtti mér námið til fulls. Ég var náttúrulega að kenna líka, þannig að ég var með gítarinn í hendinni allan daginn. Ég fór á upptökunámsskeið og var að vinna í upp-tökuverinu og stóð mig það vel í skólann að skólustjórnin bauð mér það að efsveitarfélagið mitt myndi ekki styrkja mig á næsta ári, þá myndi skólinn gera það. Í ofan á lag var ég var líka mjög virkur í félagslífinu í skólann.“

### Fjallabráður

– Svona félagslegur drifkraftur getur einmitt verið mjög einkennandi fyrir Flateyri.

„Já þessi athafnakraftur. Ég veit ekki hvað þetta er. Eins og minn hópur, við erum öll alveg rosalega góðir vinir. Ég veit ekki hvort þetta var svona líka fyrir flóð, hvort að það hafi einhver áhrif, en það er eitthvað rosalega sterkt sem tengir okkur saman. Þó ég hitti þau ekki á hverjum degi, þó ég hitti þau ekki í ár þá er bara ekkert mál að taka upp þráðinn. Gott dæmi er einmitt Fjallabráður, þar reyndi nú heldur

betur á stjórnunarháfileikana. Það er ekkert grín að vera með 30 Flateyriinga á þrítugsaldri og enginn hafði raunverulega sungið neitt af ráði áður. En þetta er voða finn saumaklúbbur.“

– Og þið eru strax komir með afraksturinn á geisladisk.

„Já já. Ég kynntist Ásgeiri Andra á Patreksfirði á Sjómannadaginn í fyrri, þar sem ég var að halda tónleika ásamt tveimur félögum mínum. Hann var þarna sem sviðsmaður og eitt leiddi af öðru og skyndilega vorum við komnir með efni á heila kórplötu en vantaði bara kór.“

– Hvað í ósköpunum fékk ykkur til að semja kórátónlist?

„Við ætluðum sko að gera rokkabilplötu. Ásgeir átti kontrabassa og við fórum að pikka upp lög með Eddie Cochran, allt í einu urðu til einhver afskaplega þjóðleg og drungaleg lög, sem gætu hafa verið 100 ára gömul og þá vantaði bara kór. Þá var hringt í strákana, vinina frá Flateyri og þeir látnir vita af því að mig vantaði kór. Sumir tóku nú frekar dræmt í þetta, en úr varð að við hittumst í kirkjunni í Þorlákshöfn.“

– Af hverju þar?

„Okkur vantaði húsnæði og þetta bara datt af himnum ofan. Þar var platan Bræðralag svo tekin upp. Núna hittumst við í KR heimilinu og æfum. Þetta er kannski menn sem voru saman í grunnskólanum á Flateyri og hafa ekki hist heillengi. Þetta er alveg rosalega gaman. Við spiluðum nokkur lög á Stútungi og það er svo merkilegt að þegar öllu er á botninn hvolft þá getur kórinn sungið. Það er einhver sérstakur hljómur í Fjallabráðrum, einhver rebbingur og þjóðarstolt og það bara virkar. Núna get ég krossað við „taka upp plötu með strákunum“ á listanum mínum. Það er einhver sérstakur hljómur í kórnum og hann er skemmtilegasta hljómsveit sem ég hef verið í.“

Ég vil líta á mig sem tónlistarmann. Ég hef verið í þessu síðan ég var 14 ára og hún hefur litad líf mitt allar götur síðan og í starfi mínu í dag er ég að fást við tónlist. Þetta er fyrsta platan sem ég geri.“

– Ekkert komið nálægt annarri útgáfu?

„Jú ég hef spilað inn á hjá öðrum og búið til smádiska. En þetta er fyrsta platan sem ég geri og sem alla tónlist inn á. Hún er þá auðvitað bara tekin upp með öllum vinunum, en ekki einhverjum kór úti bæ.“

– Það er eins og þú hafir búið til þarna flottan grundvöll

„Eftir þriggja daga atvinnuleysi fannst mér ég bara vera algjör aumingi og þetta gamla „að taka fyrstu vinnuna sem býðst, annars færð þú enga“ tók yfir. Ég gleymdi alveg að hugsa til þess að í Reykjavík eru einhverjir 3500 vinnustaðir. Þannig að á fimmtán mínútum fann ég staðinn, fór í viðtal og réði mig í vinnu sem bananabílstóri.“

fyrir strákana að koma saman.

„Núna er búið að gera kórinn. Síðan geri ég kannski bara pönkplötu næst, hver veit, en kórinn heldur áfram. Það er eitthvað við þennan kór og þetta er eitthvað það skemmtilegasta sem ég hef á ævi minni gert.“

Er von á ykkur á Vestfirði með tónleika?

„Jú við ætlum að koma um páskana og spila á Aldrei fór ég suður og erum að vinna í því að stækka kórinn með því að taka eldri og heldri menn úr Öfundarfirði inn í kórinn, eins og afa og fleiri góða menn.“

### Félagsmálafrömuðurinn

– Þetta hefur verið ágætis törn þarna fyrir áramót. Að vera í skólanum, á fullu í nýju ábyrgðarmiklu starfi og að taka upp plötu, hvernig er þetta hægt?

„Kannski er ég bara ofvirkur. Einn vinur minn kallar mig félagsmálafrömuðurinn. Hann var hérna einhverjöldin og einn og sama daginn var ég að spila á einhverjum þremur stöðum ásamt því að elda hátíðarmat-

inn og að skvettu á brennuna og úr því fékk ég þessa nafngift. Ég er bara þannig, ef það er lítið að gera hjá mér, sem er mjög sjaldan, þá verð ég að búa mér til eitthvað að gera. Það er sama hvar ég er, ég get alltaf haft nóg að gera.“

Ég fer til að mynda voða sjaldan sjálfur á ball, það er yfirleitt þannig að ég er að spila á þeim. Ég hef til dæmis aldrei farið á áramótaball, alltaf verið að spila á Flateyri, að frá töldum tveimur árum af síðustu tíu, en þá var ég í annað skiptið að spila á Þingeyri og hitt í Bolungarvík. Núna fyrir síðustu áramót var tvísýnt með hvort haldið yrði ball á Flateyri, svo Friðfínnur Hjörtur vinur minn sagði: „Ef það verður ekki ball, þá setjum við bara keðju yfir grindarhliðið og skrifum „Lokað vegna aumingjaskapar.“

Á Flateyri er svo mikið af góðu fólki og í gegnum tíðina hef ég notið mikils stuðnings vegna þess sem ég hef verið að gera og fólkið verið dugleg að sýna að það hafi trú á því, þó maður trúir því stundum ekki sjálfur.“

– Mikil hvatning sem sagt? „Já, það er svo margt sem

maður gerir bara ekki einn. Maður tekur ekkert upp plötu einn. Ég væri til dæmis ekki búinn að gera svona mikið ef ég hefði ekki Önnu bróður eða stuðning mömmu, pabba, systkina minna, ættingja og vina. Það eru allir til í að hjálpa. Það eru kannski ekki margir foreldrar sem eru svona hvetjandi og sérstaklega ef þeir eru af gamla skólanum. „Jú jú, góði farðu að læra á gítar, það er svo praktískt“ ég held ekki. Amma var einmitt að forvitnast um nýja starfið mitt í Skífunni og sagði til áminningar „en þú ert gítarleikari.“ Framinn í bissetti skiptir ekki öllu, það er meira „þú ert það sem þú kannst“ sem skiptir máli.

– Það hlýtur að skipta miklu að listræna hliðin fái svona mikinn stuðning og það er kannski frekar sérstakt frá fólki sem hefur þurft að komast áfram á handafinu öðru fremur?

„Já, spáðu í eins og fyrir Flateyri að eiga okkur strákana. Þarna á bæjarfélagið einhverja karaktera sem alltaf eru til í að fara upp á svið þegar eitthvað er um að vera og skemmta.“

– Það er flott að það njóti virðingar.

„Það er æðislegt að hafa bæinn sinn á bak við sig. Það er svolítið sérstakt að fara úr þessu umhverfi og spila fyrir annan hóp en þann sem ég er vanur hér fyrir vestan. Að þekkja engan, en halda áfram að vera sami maðurinn, án þess að vita hvort þú fái það sama til baka. Það hefur tekist ágætlega. Þegar ég var búinn að vinna í þrjú daga í Skífunni, þá vissu allir þar að ég heiti Halldór Gunnar og ég er Pálsson og ég kem frá Flateyri og Flateyri er við Öfundarfjörð.“

### Önfirsku Bítlarnir

Ertu að spila í einhverju bandi núna?

„Ég er að æfa með Skífubandinu, en það er hljómsveit starfsmanna Skífunnar við Laugarveg. Bandið tróð meira að segja upp á Langa Magna á dögnum í starfsmennafélaginu góðu. Ég er líka enn í vestfirsku sveitinni BMX, við eigum eftir að taka lokahnykkinn allavega á okkar samstaf, við eigum svo mikið af efni sem við þurfum að gera eitthvað við. Ég og Ásgeir erum líka alltaf eitthvað að vinna saman. Við erum búnir að gera tvær plötur, við gerðum líka popplötu sem átti að koma út á sama tíma og kórplatan. Hún er bara í biðstöðu. Núna erum við að skoða hvort við ættum ekki að gera pönkplötu.“

Síðan á ég eftir að gera plötu með „Bítlunum mínum.“ Einn



hvern tímann var Paul McCartney spurður að því hvað væri nú eftirminnilegast frá ferlinum, þar sem hann hafði spilað með öllu helsta tónlistarfólki heims. Hann svaraði því til að það hefðu bara verið einir Bítlar. Það er eins með strákana heima, þeir eru Bítlarnir mínir, Goggi, Halli, Hlynur, Geiri, Ívar, Stebbi og Önni. Það eru einhverjir töftrar í þessum vindahópi. Við vorum 7 eða 8 strákar í árganginum sem fæddur er 1981, það kom einhver stelpa þarna í 3. bekk, annars voru það bara við – og við vorum kallaðir Víkingasveitin. Þó við hittumst kannski ekki rosalega mikið í dag, þá eru samt þetta bræðralag og þessi óbilandi ást á Öfundarfirði. Ég veit að þetta getur hljómað eins og klisja, en það er eitthvað.“

– Snjóflóðið sem féll á Flateyri var auðvitað hræðilegt áfall fyrir þetta litla samfélag, heldurðu að það hafi haft áhrif á vinaböndin?

„Auðvitað. Við gengum náttúrulega í gegnum þetta saman. Það var ákveðið uppgjör sem átti sér stað er við minntumst að 10 ár voru liðin frá flóðinu. Þar gátum við rætt þessi mál og vorum öll saman í að fletta gömlum Morgunblöðum og bara tala. Bakgrunnur okkar gerir okkur að því sem við erum, og við erum það sem við erum út frá þessum atburði. Flóðið þjappaði fólki saman. Það voru auðvitað ekki margir á staðnum og þú bara veitir stuðning manneskjunnar sem er við hliðina á þér, sama hver það. Ég get ekki lýst því hvernig þessi vindahópur virkar, en ef það er eitthvað sem

þarf að gera, þá er það alltaf bara gert.“

### Peir fiska sem róa

– Hver er svo stefnan?

„Eins og er þá hyggst ég halda áfram í Skífunni, það er mjög gaman. Þar er ég alltaf inn í því hvað er að gerast. Skemmtilegt að fá þarna tækifæri til að bæta mig og gera betur. Svo er það náttúrulega að halda áfram í tónlistinni, halda áfram að semja. Ég lit mjög upp til Gunnars Þórðarsonar, þó ég feli ekki allt sem hann er að gera, en hann hefur allt frá 1960 verið að semja lög sem eru við hæfi og henta hverjum áratug, það er alltaf stór hópur sem filar það sem hann er að gera.“

– Það er líka þessi iðni sem er svo mikilvæg.

„Það eru bara aldagömul sannindi að þeir fiska sem róa. Talandi um það þá er ég sennilega eini Fjallabróðirinn sem aldrei hefur verið til sjós, ég er bara sjóhræddur, flughræddur og hreinlega lífhræddur. Það var líka aldrei pláss fyrir það þegar ég var yngri. Ég var í frystihúsinu á daginn, svo að baka pizzur á Vagninum og svo að spila þar. Varðandi sjómenskuna þá ætla ég bara að leyfa strákunum að eiga hana, þó það væri nú flott að hafa hana með í ferilskránni. Líka með flugið, ég flýg yfirleitt aldrei vestur, svona af því að það er svo sérstaklega þægilegt að keyra“, segir Halldór í gamansömum tón.

– Þú minntist á Vagninn, þú hefur nú verið töluvert viðloðandi rokkbúlluna frægu í

gegnum tíðina?

„Ég sver það ég hef gert allt á Vagninum nema reka hann, ég hef spilað þar, eldað, unnið á barnum, málað staðinn, þrífðið hann og sinnt dyravörslu. Ég á bara eftir að reka hann, ég verð ábyggilega góður Vagnstjóri einn góðan veðurdag.“

– Þetta er merkilegur staður.

„Þetta er frábær staður, það þarf bara að koma honum aftur í gagnið. Hann er frábært félagsmiðstöð fyrir okkur sem eldri erum og það er ekki óvanalegt að fólk komi keyrandi úr næstu sveitum til að sækja skemmtanir á Vagninum og það eru engir duglegri en Víkarar að koma á Vagninum. Staðurinn hefur mikið mojo.“

– Hann hefur væntanlega átt sinn þátt í móta þig sem tónlistarmann og spilara.

„Vagninn hefur verið mikill skóli fyrir mig í því að koma fram. Ég veit ekki hversu oft ég hef spilað þar. Ég söng til dæmis fyrst á Vagninum, en það hefur mér alltaf þótt mjög erfitt. Það er bara eitthvað við þennan stað, hann er svo miklu meira en pöbb. Það hreinlega varðar byggðamál að halda svona stað gangandi.“

– Það er auðvelt að eiga spjall við Halldór Gunnar, það virðist því alveg rétt sem hann segir að hann geti spjallað við hvern sem er um hvað sem er. En einhvers staðar þarf allt að enda og Bæjarins besta óskar Halldóri Gunnari velfarnaðar í hverju sem hann kann að taka sér fyrir iðnar hendur.

– annska@bb.is



## Vöruhúsaþjónusta hjá Eimskip á Ísafirði

Leitað er að ábyrgum einstaklingi til starfa í afgreiðslu og vöruhúsi Eimskips á Ísafirði. Fyrir réttan aðila er í boði fjölbreytt, áhugavert og krefjandi starf með margvíslegum tækifærum til faglegs og persónulegs þroska. Æskilegt er að viðkomandi starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- » Vörumóttaka.
- » Vöruafgreiðsla.
- » Menntunar- og hæfniskröfur
- » Lyftararéttindi.
- » Meirapróf.
- » Hæfni í mannlegum samskiptum.
- » Góð þjónustulund og jákvæðni.
- » Hreint sakarvottorð.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hafþór Halldórsson, rekstrarstjóri Eimskips á Ísafirði í síma 525 7891 eða á netfangi hrh@eimskip.is.

Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

# Mest andstaða við kvótakerfið í Norðvesturkjördæmi

Um 70% landsmanna eru andvíg kvótakerfinu ef miðað er við niðurstöður nýlegrar skoðanakönnunar Bláðsins. Könnunin náði til 800 manns og sögðust rúm 20% vera hlutlausir og 8% óákveðnir. Af þeim sem tóku afstöðu voru tæp 30% hlynt kerfinu. Andstaðan við kvótakerfið var mest í NV-kjördæmi og voru

fleiri konur andvígaren karlar.

Einar Kristinn Guðfinnsson sjávarútvegráðherra segir þessa könnun vera í samræmi við það sem áður hefur birst. Hann segist ekki hafa áhyggjur af þessum niðurstöðum og segir ýmis fyrirtæki á Vestfjörðum hafa verið að bæta við sig kvóta að undanförmum og hin almennu rekstrarskil-

yrði í fiskiðnaðinum séu þökkaleg um þessar mundir og segir hann allar forsendur fyrir því að sjávarútvegsfyrirtæki ættu að spjara sig vel.

Á fundinum Lifi Vestfirðir sem haldinn var í Hömrum mátti greina mikinn hita í nokkrum ræðumönnum varðandi kvótamál, Einar Kristinn segir það vel skiljanlegt þar

sem svæðið hafi farið mjög illa út úr kvótakerfinu á sínum tíma. Kannski má draga þá ályktun af niðurstöðum könnunarinnar að ekki hafi gróid um heilt hjá Vestfirðingum eftir að þeir horfðu á eftir stórum hluta fiskveiðikvótans frá byggðunum vestra eftir að hann var settur á um miðjan niunda áratug síðustu aldar.



Umrædd lóð er við hliðina á nýbyggingunni við Hafnarstræti.

## Fallast ekki á einnar hæðar verslunarhús við Hafnarstræti

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar fellst ekki á byggingu einnar hæðar verslunarhúss á lóðinni Hafnarstræti 15-17 á Ísafirði, en fyrirspurn um slíkt hús var lögð fram á fundi nefndarinnar á dögunum. Fyrirspurnin barst frá Tæknipjónustu Vestfjarða ehf. fyrir hönd

Íslenska eignafélagsins ehf. og Skúla Gunnars Sigfússonar. Í fundargerð segir að samkvæmt skipulagsskilmálum fyrir lóðina sé gert ráð fyrir húsi með 1-2,5 hæðir. Umhverfisnefnd fellst þó ekki á einnar hæðar hús á þessum stað þar sem sú nýting lóðar

er ekki í samræmi við markmið deiliskipulags.

Á svæðinu er bílastæði sem Landsbankinn lét útibúa fyrir níu árum, og er bærinn með samning við bankann um lóðina, og fara þarf yfir þann samning áður en hægt er að gera eitthvað annað við svæð-

id, en eins og sagt hefur verið frá sóttist Hallvarður Aspelund eftir lóðinni í fyrra fyrir hönd Íslenska eignafélagsins til byggingar húss sem á meðal annars að innihalda útibú frá alþjóðlegu skyndibitakeðjunni Subway.

– eirikur@bb.is

## Hefur áhuga á að koma harmonikkusafni fyrir hjá Ísafjarðarbæ

Óskað hefur verið eftir því að Bygðasafn Vestfjarða taki að sér undirbúning þess að taka við veglegu harmonikkusafni Ásgeirs Sigurðssonar á Ísafirði, en það telur um 130 harmonikkur. Ásgeir hefur verið með um 50 harmonikkur til sýnis á heimili sínu síðustu árin. Elsta harmonikkan í safni hans er frá árinu 1830, og er því frá upphafsárum hljóðfær- isins í því formi sem það þekktist í dag.

Í bréfi sem bæjarráði Ísafjarðarbæjar, Halldór Halldórsson, skrifar bæjarráði vegna þessa máls segir meðal annars: „Af og til hafa undirritaður og Ásgeir rætt um möguleika þess að koma safninu fyrir hjá Ísafjarðarbæ. Ásgeir hefur áhuga á því að gefa safnið með skilyrðum um að það fái góðan stað, verði til sýnis og fái góða umhirðu.“

Þá kemur fram í bréfinu að á Íslandi, að sögn Ásgeirs, er

ekkert eiginlegt hljóðfær- safn. „Í Árborg er tónminjasafn til minningar um Pál Ísólsson og Ísólfr Pálsson, föður hans. Í Keflavík er poppminjasafn. Á báðum þessum stöðum eru einhver hljóðfæri. Að öðru leyti er Ásgeiri ekki kunnugt um hljóðfær- safn.“

Einnig segir að án efa sé harmonikkusafn Ásgeirs mjög varðmætt og mikilvægt sé að varðveita það hér í bænum og stilla því upp til sýnis. „Sér-

staða safnsins er mikil og þess vegna getur það verið áhuga- vert fyrir gesti sem hingað koma. Þá getur það verið grunnur að stærra hljóðfær- safni sem yrði hér í tónlistar- og menningarbænum Ísafirði.“

Bæjarráð vísaði erindinu til umsagnar í stjórn Bygðasafns Vestfjarða og í menningarmálanefnd og verður afstaða til þess tekin innan tíðar.

– eirikur@bb.is

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

### Skrifstofustarf

Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ auglýsir starf við bókhald og launavinnslu á skrifstofu stofnunarinnar laust til umsóknar. Um er að ræða full starf. Í starfinu felst færsla bókhalds, launavinnsla, afstemmingar og almenn skrifstofustörf.

Góð bókhaldsþekking, tölvukunnátta og þjónustulund er nauðsynleg í þessu starfi. Reynsla mikilvæg og þekking á Oracle kerfi ríkisins er kostur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum og stofnanasamningi HSÍ.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún C. Halldórsdóttir, skrifstofustjóri í síma 450 4500 (camilla@fsi.is). Vinsamlegast sendið umsóknir til Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ, Torfnesi, 400 Ísafirði fyrir 13. apríl.

Umsóknareyðublað er að finna á vefnum www.fsi.is undir viðkomandi starfsauglýsingu og í afgreiðslu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning hefur verið ákveðin.



ÍSAFJARÐARBÆR

### ÚTBOD

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Niðurrif húsa við Árvelli.“ Ofangreindu verki skal vera að fullu lokið eigi síðar en 28. júlí 2007.

Útboðsgögn eru til sölu á kr. 3.000.- hjá Ísafjarðarbæ, Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

Tilboðin verða opnuð þriðjudaginn 3. apríl nk. kl. 11:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

### Starf í eldhúsi

Starfsmaður óskast til afleysinga í eldhúsi Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði. Vinnutími er frá kl. 07:00 til 15:00.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Verkalýðsfélags Vestfirðinga og stofnanasamningi HSÍ. Umsóknareyðublað fást í afgreiðslu Fjórðungssjúkrahússins á Ísafirði.

Öllum umsóknum verður svarað er ráðið hefur verið í starfið.

Frekari upplýsingar gefur Birgir Jónsson, matreiðslumeistari í vs. 450 4560.

Umsóknarfrestur er til 29. mars nk.

# Grillaður kjúklingur

+ franskar og 2L Coke

# 899 kr.



Samkaup **úrval**

Verð birt með fyrirvara um prentvillur • Tilboðið gildir fimmtudag og föstudag - 22. mars - 23. mars

## Raggagarður fær gjöf

Félag Álft- og Seyðfirðinga færðu Raggagarði í Súðavík 100.000 krónur að gjöf á dögnum. Styrkurinn er ætlaður til framkvæmda í garðinum nú í vor. Eins og fram hefur komið er Raggagarður búin að festa kaup á stórum og voldugum leikkastala og öryggishellum undir hann, sem verður aðgengilegur gestum garðsins nú í sumar. Í fyrrahaust hlupu framkvæmdir í garðinum á 8 milljónum króna, en fyrsti áfangi garðsins var opnaður árið 2005. Garðurinn er staðsettur í ytri byggð Súðavíkur.

# Landbúnaðarráðherra undirritar samstarfssamning við Storm

Guðni Ágústsson, landbúnaðarráðherra, undirritaði á dögnum fyrsta samstarfssamning landbúnaðarráðuneytisins um byggingu reiðhúsa og er hann við Hestamannafélagið Storm á Vestfjörðum. Ráðuneytið styrkir félagið um 12 milljónir króna. Áður höfðu stjórnir Hestamannafélagsins Storms og Knapaskjólshús ehf. auk Halldóra Halldórssonar bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar undirritað samninginn.

Samstarfssamningar við hestamannafélögin er leið landbúnaðarráðuneytisins í að efla og styrkja hestamennsku á Íslandi. Í mars 2006 úthlutaði nefnd sem skipuð var af landbúnaðarráðherra styrki um til byggingar 28 reiðhúsa víðs vegar um landið. Heildarúthlutun styrkja nam 330 milljónum króna en alls bárust nefndinni 41 umsókn.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti í mars 2006 byggingarleyfi fyrir 820 fermetra reiðhöll á 6.600 fermetra lóð á Söndum í Dýrafirði. Reið-



Hesthús Stormsfélaga að Söndum í Dýrafirði.

höllin á Söndum er nú fullgerð og starfsemi þegar hafin. Stefnit er að því að vígja húsið og formlega nú í lok mars.



Edinborgarhúsið á Ísafirði er á meðal þeirra húsa sem fengu styrk frá Húsafríðunarnefnd.

# Nær 50 milljónir króna til framkvæmda á Vestfjörðum

Styrkir Húsafríðunarnefndar í ár til húsa á Vestfjörðum nema rétt tæpum 50 milljónum króna. Stærstu styrkirnir voru ákvarðaðir af fjárlaganefnd ríkisins í samráði við Húsafríðunarnefnd í nóvember á síðasta ári. Þá fengu út-

hlutað styrkjum Barnaskólinn Reykjanesi, Einarshús Bolungarvík, Miðstræti 3, Bolungarvík, Íbúðarhúsið í Eyrardal, Álftafirði, Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson á Flateyri, Vatneyrarbúð á Patreksfirði, Pakkhúsið Vatnseyri, Gamla prestssetrið Brjánslæk, Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar og Síldarverksmiðjan Djúpavík. Í þeirri úthlutun fengu einnig Patreksfjarðarkirkja, Staðarkirkja, Aðalvík og Bíldudalskirkja styrki, en sú síðastnefnda fékk hæsta styrkinn eða 5 milljónir. Þessir styrkir nema rúmum 40 milljónum króna.

Minni styrkir til húsa á Vestfjörðum fóru til Verts húsið í Flatey, verslunarhússins í Hæstakaupstað á Ísafirði, Herkatalans á Ísafirði, Mjallargötu 5 á Ísafirði, Dunhaga á Tálknafirði, gamla bæjarins á Sveinseyri, Brekkugötu 8, Fjarðargötu 5 og Fjarðargötu 8 á Þingeyri, Steinhússins á Hólmavík og hákarlahjalls á Reyðarhleini, lægstu styrkir í þessum flokki námu 200 þúsundum króna og sá hæsti var 600 þúsund. Nokkrar fríðaðar kirkjur að auki fengu styrki frá Húsafríðunarnefnd en þar fékk stærstan styrkinn Hólskirkja í Bolungarvík eða 900 þúsund krónur. Aðrar kirkjur sem fengu styrki eru: Gufudalskirkja, Eyrarkirkja í Seyðisfirði, Staðarkirkja Staðardal og Bænhúsið í Furufirði.

Nokkur fríðað húsið á Vestfjörðum fengu að auki styrki en þau eru: Jónassenshús, Miðkaupstað á Ísafirði, Gamla Faktorshúsið Neðstakaupstað, Edinborgarhúsið, Gamla salt-húsið á Þingeyri og Riis-hús Borðeyri sem fékk hæsta styrkinn eða 1 milljón króna.

## Hús Ratsjárstöðvarinnar á almennan markað

Íbúðarhúsið í Bolungarvík sem voru í eigu Ratsjárstöðvarinnar á Bolafjalli verða sett á almennan markað. Þetta segir bæjarstjóri Bolungarvíkur, Grímur Atlason. Húsin eru nú í eigu Lýsingar hf., og stendur til að setja þau í sölu, en ekki leigja út eins og bæjaryfirvöld höfðu verið að vonast til. Ekki kemur til greina að bærinn kaupir húsin, enda segir Grímur frekar verið að vinna í því að selja

íbúðir í eigu bæjarins. Þannig hafa 50 af 80 íbúðum bæjarins verið seldar á síðustu árum.

Grímur segir að starfsmenn stöðvarinnar sem sagt var upp störfum í haust séu því miður að tínast úr bænum, en fæstir þeirra sáu sér fært að vera um kyrrt. Til stendur að fjarstýra þremur ratsjárstöðvum Ratsjárstofnunar Íslands á landsbyggðinni frá stöð á Miðnesheiði.

## Sjaldséðir fuglar á Vestfjörðum

Farflugarnir eru koma til landsins þessa dagana og með þeim hafa verið að koma fuglar sem eru sjaldséðir á Vestfjörðum. Svartprestir (Turdus merula) hafa verið að sjást á nokkrum stöðum í Strandasýslu, á Ísafirði og í Bolungarvík. Þeir hafa sést yfir vetur hér vestra t.d. á Þingeyri en talið er að þessir fuglar hafi verið nýkomnir. Svarþröstur verpir í Reykjavík en er sjaldgæfur varpflugl. Glóbrystingur (Erithacus rubecula) sást við Kirkjuból í Steingrímsfirði og við Miðhús í Kollafirði (Strandasýsla). Einnig sást vepja (Vanellus vanellus) við Kirkjuból í Steingrímsfirði.

**TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL**  
**löggiltur fasteignasali**  
 Hafnarstræti 19 - Ísafirði • Sími: 456 3244  
**Guðmundur Óli Tryggvason**  
**löggiltur fasteignasali**  
 Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is  
 Heimasíða: www.fsv.is

<p>Stórholt 9, Ísafirði</p> <p>164 m<sup>2</sup> 5-6 herbergja íbúð á fyrstu hæð og í kjallara fjölbýlishúss. Baðherbergi endurnýjað.</p> <p><b>16.200.000,-</b></p>	<p>Fjarðarstræti 13, Ísafirði</p> <p>235 m<sup>2</sup> steinsteyppt hús á góðum stað í bænum ásamt 51 m<sup>2</sup> bílskúr, þrjár 3ja herbergja íbúðir eru í húsinu sem hægt er að leigja út.</p> <p><b>26.000.000,-</b></p>
<p>Hlíðarvegur 26, Ísafirði</p> <p>259 m<sup>2</sup> steinsteyppt einbýli á tveimur hæðum, nýtt þak á húsinu, 4 svefnherbergi á efri hæð, möguleiki á séríbúð á neðri hæð.</p> <p><b>22.900.000,-</b></p>	<p>Engjavegur 9, Ísafirði</p> <p>220 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr, lítil séríbúð undir bílskúr sem hægt er að leigja út.</p> <p><b>24.000.000,-</b></p>
<p>Krókur 1, Ísafirði</p> <p>Lítið múrhúðað einbýlishús á tveimur hæðum, húsið er skráð 50 m<sup>2</sup> en er stærra þar sem kjallarahæð hefur ekki næga lofthæð.</p> <p><b>6.700.000,-</b></p>	<p>Fjarðarstræti 29, Ísafirði</p> <p>Þriggja herbergja séríbúð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara og geymsluskúr, samtals 123 m<sup>2</sup>.</p> <p><b>Tilboð óskast</b></p>
<p>Fjarðarstræti 29A, Ísafirði</p> <p>Fjögurra herbergja séríbúð í tvíbýlishúsi með kjallara og rislofti, samtals 116 m<sup>2</sup>.</p> <p><b>Tilboð óskast</b></p>	<p>Álfabyggð 3, Súðavík</p> <p>Fallegt 130 m<sup>2</sup> einbýlishús úr timbri með 36 m<sup>2</sup> sambyggðum bílskúr, byggt árið 1996.</p> <p><b>20.500.000,-</b></p>
<p>Holtgata 29, Súðavík</p> <p>110 m<sup>2</sup> einbýlishús úr timbri á einni hæð, byggt árið 1996, þrjú svefnherbergi.</p> <p><b>12.000.000,-</b></p>	<p>Hlíðarvegur 24, Ísafirði</p> <p>180,6 m<sup>2</sup> einbýlishús á þremur hæðum ásamt 45,6 m<sup>2</sup> stórum geymsluskúr. Kjallari er steypur en efri hæðir eru úr timbri.</p> <p><b>14.900.000</b></p>

## Augnlæknir

Þóra Gunnarsdóttir, augnlæknir verður með móttöku á Ísafirði dagana 2.-5. apríl.

Tímarpantanir eru frá og með 28. mars í síma 450 4500 á milli kl. 08:00 - 16:00 alla virka daga.

# Bergljót í Úganda

Úganda er land í austur Afríku, ríflega tvisvar sinnum stærra en Ísland. Íbúar landsins eru nær 30 milljón talsins, opinbert tungumál er enska. Landið var nýlenda Breta til ársins 1962, þegar það öðlaðist sjálfstæði. Á árunum 1971-79 var einræðisstjórn Idi Amins við lýði, en valdatíð hans einkenndist af mikilli grimmd og talið er að hundruð þúsunda manna hafi verið pyntaðir og myrtir. Friður hefur að mestu ríkt í Úganda frá árinu 1986, en þá komst núverandi forseti landsins, Yoweri Museveni, til valda.

Margir Íslendingar hafa heimsótt Úganda. Bergljót Halldórsdóttir, kennari við Grunnskólann á Ísafirði, er ein af þeim. Hún fór til Úganda fyrir nokkrum misserum og ætlar aftur í sumar. Bergljót fór til að heimsækja vinkonu sína, Ágústu Gísladóttur, sem ætti að vera Ísafirðingum kunn, en hún bjó á Ísafirði um árabíl. Ágústa vinnur í höfuðborg Úganda, Kampala, sem umdæmisstjóri Þróunarsamvinnu-

kæmu aðallega einhverjir sér- vitringar og fuglaskoðarar. Það er svo mikill gróður í Úganda að villidýrin eru ekki eins sýnileg. Í Kenýa geta verið miklir þurrkar og þá safnast öll dýrin saman að vatnsból- inu en í Úganda er þetta öðru- vísi og dýrin geta bara haldið sig inni í skóginum. Ég hlakka mikið til að fara til Kenýa og sjá hvort munurinn sé mikill, hvort Kenýa sé jafn mikið ferðamannaland og sagt er.“

„Það var ýmislegt sem kom mér á óvart í þessari ferð. Þar sem ég er kennari hef ég kennt krökkum hérna heima ýmislegt um Afríku og mér fannst alltaf svo kjánalegt að vera að kenna þeim um frumbyggja í Afríku, því ég var viss um að þetta væri ekkert svona lengur. Það kom mér því töluvert á óvart að sjá hversu frumstætt allt var þarna, hve mikil fátæktin er.“

## Reknir burt af Idi Amin

„Ferðin út byrjaði ekki vel.



Bergljót og skólastjóri almennings skólans.

stofnunar Íslands í Úganda. „Ágústa er búin að vera í Afríku í mörg ár. Fyrst var hún í Namibíu, svo var hún í Mósambík áður en hún fluttist til Úganda. Hún kann best við sig í Úganda, henni finnst fólkið þar sérstaklega gott. Það er mjög hógvært og vinsamlegt.“

## Gerði sér ekki grein fyrir fátæktinni

„Úganda er ekki ferðamannaland eins og Kenýa, og þangað koma ekki margir ferðamenn. Okkur var sagt af bandarískum manni sem við hittum að fáar ferðir væru seldar til Úganda og þangað

Á leiðinni til London, hvaðan við ætluðum svo að taka tengi- flug til Úganda, lentum við í því að það flugvélin hjá Iceland Express bilaði. Þar með misstum við af vélinni til Úganda og þurftum að bíða tvo daga í London. Þetta var bölv- að vesen og við þurftum að fara á flugvöllinn til að útvega okkur annað far til Úganda. Við tókum leigubíl út á flug- völlum og það var skemmtileg tilviljun að leigubílstjórinn hafði búið í Úganda þegar hann var ungur. Þetta var ind- verskur maður á aldur við mig, en honum og fjölskyldu hans hafði verið vísað úr landi í stjórnartíð Idi Amins. Fjölskylda hans fékk 90 daga til



Vel var tekið á móti Bergljótu þegar hún heimsótti almenningskólann.

að yfirgefa landið. Leigubí- stjórninn sagði að honum hefði fundist alveg rosalega gott að búa í Úganda. Þannig var það með margar fjölskyldur sem höfðu búið í Úganda árum saman, ef ekki áratugum sam- an, þeim var gert að pakka niður og yfirgefa heimili sitt.“

– Bergljót gisti á hóteli nál- lægt þjóðgarði í vestur Úganda sem er m.a. í eigu ungs Breta.

„Áf þessa stráks hafði átt teplantekru rétt hjá þar sem hótelið stendur en í valdatíð Idi Amins þurfti hann, eins og svo margir aðrir, að yfirgefa landið. Mörgum árum seinna leyfði ríkisstjórn landsins fólki að endurheimta eigu sínar. Gamli maðurinn var þá látinn en sonur hans fór til Úganda, seldi teplantekruna og setti þetta hótél á fót. Sonurinn lést skömmu síðar og þá tók sonarsonurinn við. Það var ekkert rafmagn á þessu hóteli, vatnið var t.d. allt hitað yfir opnum eldi og því var reykjarlykt af baðvatninu. Hver og einn gisti í eigin skála og á nóttunni voru varðhundar fyrir framan skálana. Það var mjög skemmtileg stemmning í matsalnum því þar var lagt á borð fyrir alla gesti við sama borðið, þannig að kvöldverð- urinn var alltaf sameiginlegur og þá kynntist maður hinum gestunum mun betur en ella.“

## Hjálpað að standa á eigin fótum

– Murchison Falls þjóð- garðurinn sem er í norðvestur- hluta Úganda var einnig heim- sóttur. Um Murchisson foss- ana rennur öll Níl, en kraftur- inn er gífurlegur þegar vatnið þrengir sér um sjö metra breitt gil og fellur svo 43 metra.

„Við sigldum upp að þess- um fossinum, en á leiðinni þang- að sáum við fil standa úti í fljótinu. Okkur var sagt að hann væri búinn að standa þarna í hálfan mánuð, á sama staðnum. Hann hafði lent með fótinn í gilinu og var í fljótinu

til að kæla sárið. Til að bjarga filnum þurfti að svæfa hann áður en gilðran yrði fjarlægð, en allt gengur svo ótrúlega hægt þarna að ekkert hafði gerst í tvær vikur.“

– Candle Light Foundation er hjálparstofnun sem stofnuð var af Erlu Halldórsdóttur þjóðfélagsfræðingi, árið 2001. Bergljót heimsótti stofnunina, en hún hefur það að markmiði að hjálpa ungum stúlkum sem lent hafa í ógöngum, búa jafn- vel á götunni eða neyta fikni- efna. Stúlkurnar eru flestar munaðarlausar, oftast hafa foreldrarinn látist vegna al- næmis og um þriðjungur stúlkna- anna eru sjálfar með alnæmi.

„Þarna læra stúlkurnar að vinna fyrir sér með því að búa til kerti sem eru síðan seld, þeim er kennt á tölvu, að sauma og að bjarga sér og sjá um sig sjálfar. Þetta eru korn- ungar stúlkur, sumar þeirra eiga börn, en börnin fá pössun á meðan stúlkurnar eru að vinna og í skólanum.“

## Þetta mannlega til staðar

– Á meðan á dvöl Bergljótar stóð heimsótti hún tvenns- konar skóla, annars vegar einkaskóla rekinn að breskum sið, en hann sækja börn ríkra foreldra, og hinsvegar venju- legan almenningskóla.

„Í almenningskólanum voru um 70 krakkar í einum bekk. Þau eru kannski svona þrjú til fjögur um eina bók og þegar við komum voru flest skriffæri búin. Þegar engin skriffæri eru til verður kennsl- an svolítið öðruvísi, kennt er með miklum endurtekningum og á syngjandi hátt. Öll börnin eiga að vera í skólabúningum, en mér var sagt að það væri ekki svo strangt tekið á því, hafi foreldrar ekki efni á bún- ingi vilja kennararnir frekar að börnin mæti án hans en að þau sitji heima. Börnin eru líka öll snoðuð, en það er gert til að koma í veg fyrir vanda-



Markaður við þjóðveginn í Úganda.



Börnin eru oft þrjú til fjögur um eina bók.

mál eins og lús. Kennslukon- an í bekknum sem ég heim- sótti skar sig dálítið úr, því hún var alveg ofboðslega fin og fallega klædd.

Eins og umhverfið var þarna í kring fannst manni kannski ekki að það tæki því að punta sig fyrir vinnuna, en kennslukonan kom þarna í rosalega finum fötum. Mér finnst þetta svolítið athyglis- vert. Þarna er flottur kennari, hámenntaður, í dragtinni sinni og hún er bara að kenna við svona fátæklegar aðstæður. Börnunum fækkar í hverjum bekk, þannig að það eru til- tölulega fá börn eftir í 12 ára bekk. Í skólanum var sérdeild, en þar eru blindir, fatlaðir og þroskaheftir saman í bekk.

Þetta kemur mörgum á óvart, að það skuli yfir höfuð vera sérdeild, en auðvitað er þetta mannlega alveg til staðar þarna líka, það er bara svo mikil fátækt að umbúnaðurinn er ekki eins og hjá okkur.“

– Bergljót ætlar aftur til Úganda í sumar, og þá til að vera í tvo mánuði.

„Ég ætla til Úganda aftur, en einnig til Kenýa og Zanzi- bar. Það er ekki alveg ákveðið hvornig við höfum þetta, en við ætlum að skoða okkur þarna um, mig hefur alltaf langað mikið til Zanzibar. Það er al- drei að vita nema ég komi við í einhverjum skólum þessum löndum og kynni mér aðstæð- ur og aðferðir eins og við gerð- um síðast.“ – tinna@bb.is





Var orðinn  
hundleiður

**SAGÐI BANKANUM  
SÍNUM UPP!**

**Ætlar að reyna við  
Sparisjóðinn**

**Við lögum okkur að þínum þörfum**

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálafyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmunum og þarfir viðskiptavinum okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

FINNVEDJA



Sparisjóður Vestfirðinga er fluttur í Hafnarstræti 19

 **SPARISJÓÐUR**  
Vestfirðinga

# Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltdóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

## Blogg Sigmars Guðmundssonar

sigmarg.blog.is/blog/sigmarg

Olsen bræðurnir Dönsku voru aðalnumerið á veglegri Evróvisjón árshátíð Kaupþings í gærkvöldi. Allt varð brjáláð í 1800 manna veislunni þegar Danirnir stigu á stökk en þeir sigruðu Evróvisjón eftirminnilega árið 2000. Gert var ráð fyrir að Olsen bræður flyttu þrjú lög á árshátíðinni en þeir bættu nokkrum við vegna góðra undirtekta Kaupþingsfólks. Evróvisjónþemað mæltist vel fyrir hjá fólki og það var vel pakkað á dansgólfinu í öllum atriðunum. Icy tríóið kom saman og söng gleðibankann, Stebbi og Eyfi tóku Ninu (tvírætt orðalag), Selma söng bæði evróvisjónlögin sín, Eiríkur söng nýja lagið og Páll Óskar söng og þeytti skífum.

### Smáauglýsingar

Veggsamstæða fæst gefins ef hún er stótt. Á sama stað er til sölu sjónvarpsskápur og borðstofuborð fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 869 8015.

Til sölu eru parketslípivélar með efnum. Tilvalið tækifæri fyrir smíð sem vill vinna sjálfstætt. Uppl. í síma 893 9362.

Óska eftir 3ja herb. íbúð til leigu frá 10. apríl. Uppl. gefur Guffý í síma 868 8464.

Til sölu er húseignin að Seljalandi 21 á Ísafirði. Húsið er 197m<sup>2</sup> með kjallara undir hluta af húsinu. Sjón er sögu ríkar. Uppl. gefur Halldór Sveinbjörnsson í síma 894 6125.

Til sölu er íbúðarhúsið í Fremri Breiðadal. Húsið er 163m<sup>2</sup> að stærð og í góðu standi. Húsið er laust nú þegar. Á sama stað er til leigu eða sölu harðfiskhjállur ásamt verkunaraðstöðu. Hjállurinn er laus nú þegar. Leigist eða selst saman eða í sitt hvoru lagi. Uppl. í símunum 456 6112 eða 894 4512.

Ef þú þarft að losna við Lazy Boy stólinn, skaltu hringja í síma 867 9146.

Til leigu er 3ja herb. risibúð á Ísafirði með húsgögnum og húsbúnaði frá 15. apríl nk. Uppl. gefur Eiríkur í síma 845 2685.

Á föstudegi fyrir um tveimur vikum voru útibuxur sonar okkar teknar af leikskólanum Sólborg, örugglega í misgripum. Þrátt fyrir itrekaðar tilraunir hefur ekki tekist að hafa uppá þeim. Buxurnar eru glænýjar, svartar með axlaböndum og endurskíni. Buxurnar eru í stærð 116-122 og framleiddar af Color Kids. Ef þið finnið svona buxur í förum ykkar, vinsamlegast hafið samband í síma 694 9913 (Óli) eða 699 2392 (Katrín).



Póstkortin komu frá ýmsum heimshornum, meðal annars Tælandi.

## Póstkort víða úr heimi á árshátíð GÍ

Mikil stemmning var á árshátíð Grunnskólans á Ísafirði sem hófst á fimmtudag í síðustu viku. Fimm sýningar voru á dagskránni og var þemað „Póstkort“. Hver árgangur flutti eitt atriði og voru öll atriðin frumsamin. Greini-

legt var að heilmikil vinna var lögð í að gera hátíðina sem best úr garði enda hefur skólastarfið verið markað að undirbúningnum undanfarnar vikur. Þá nálgast hver bekkjardeild viðfangsefnið á sinn hátt og var fjölbreytnin þar allsráð-

andi.

Póstkortin komu frá ýmsum heimshornum og komu ýmsar persónur við sögu. Til dæmis var farið til Englands þar sem drottningin var heimsótt, komið var við í Disney-landi í Ameríku og pósturinn Njáll

færði Stubbunum og Rauðhettu póstkort. Skemmtunin þótti heppnast með eindæmum vel en henni var framhaldið um kvöldið og á föstudag.

Hátíðin er hápunktur vetrarins og allir nemendur skólans tóku þátt eða um 520 börn,

hvort sem það er í leik eða undirbúningi. Þunginn af undirbúningnum hvíldi þó mest megnis á nemendum í 7. bekk, en ágóðanum af hátíðinni verður varið til að fjármagna ferð nemenda í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði.

## Árshátíð GÍ vegleg að vanda

Árshátíð Grunnskóla Ísafjarðar var haldin í síðustu viku. Þrjár hressir krakkar úr 7. bekk Grunnskóla Ísafjarðar fengu það hlutverk að vera fjölmiðlafulltrúar hátíðarinnar. Hátíðin er hápunktur vetrarins og allir nemendur skólans taka þátt eða um 520 börn, hvort sem það er í leik eða undirbúningi. Þunginn af undirbúningnum hvílir þó mest megnis á nemendum í 7. bekk, en ágóðanum af hátíðinni verður varið til að fjármagna ferð nemenda í skólabúðir að Reykjum í Hrutafirði sem farin er ár hvert. Þau Bæring Rúnar Henrysson, Heiðís Hrönn Magnúsdóttir og Tómas Helgi Svavarsson settust niður með blaðamanni og svöruðu spurningum hans.

–Hver var yfirskrift hátíðarinnar í ár?

„Yfirskriftin í ár var Póstkort. Það er svona þema á hverju ári, í fyrra var t.d. Veröldin er leiksvið og árið þar áður var Hlátur og grátur.“

–Hvernig fer þetta allt saman fram?

„7. bekkur sér alltaf um hátíðina. Hann er eini bekkurinn sem leikur á öllum sýningunum, en hinir bekkirnir skipta sýningunum á milli sín. Í ár er það þannig að milli atriða hinna bekkjanna erum við í 7. bekk með lítil atriði og kynnum svo hin atriðin. 7. bekkur sér líka um miðasölu.“

–Hvað er skemmtilegast við árshátíðina?

„Að sjá leikritin hjá hinum bekkjunum og kynnast krökkunum í skólanum betur. Það er líka gaman að skemmta öðrum og flestum finnst gaman að leika. Það er auðvitað best ef allt heppnast vel og er flott.“

–Til hvers finnst ykkur árshátíðin vera?

„Til að skemmta fólki og skemmta okkur, kynnast betur og leyfa foreldrum og ættingjum að sjá hvað við erum að gera. Við lærum líka að koma fram, sem er mikilvægt.“

– tinna@bb.is



Bæring, Heiðís og Tómas eru fjölmiðlafulltrúar 7. bekkjar.

**Stofnfé  
í Spari-  
sjóði  
Vest-  
firðinga  
óskast  
keypt!**

Upplýsingar í  
síma 844 8262

### Spurning vikunnar

Hefur þú trú á átaki af hálfu stjórnvalda vegna atvinnu- og byggðamála á Vestfirðum?

Alls svöruðu 613.

Já sögðu 78 eða 13%

Nei sögðu 535 eða 87%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Óska eftir kostnaðaráætlun

Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2007 var lögð fyrir umhverfisnefnd á dögnum og tekin til umfjöllunar. Á fundinum lagði nefndin til við bæjarstjórn að brunavarnaáætlunin verði samþykkt, en óskar jafnframt eftir að tæknideild geri kostnaðaráætlunir vegna lagfæringar og stækkunar á núverandi slökkvistöð, sem og vegna uppsetningar og eftirlits á eldvarnarkerfum í skólum og leikskólum Ísafjarðarbæjar. „Umhverfisnefnd bendir á nauðsyn þess að eldvarnarkerfi, sem eru í fyrirtækjum og stofnunum séu beintengd við vaktstöð“, segir í fundargerð nefndarinnar.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:** Suðlægt átt og rigning eða slydda með köflum. Hiti 0-8 stig.  
**Horfur á laugardag:** Suðlægt átt og rigning eða slydda með köflum. Hiti 0-8 stig.  
**Horfur á sunnudag:** Suðlægt átt og rigning eða slydda með köflum. Hiti 0-8 stig.

# Skólahreysti á Ísafirði

Hreystikeppnin Skólahreysti verður haldin í íþróttahúsinu á Torfnesi á Ísafirði í dag. Skólahreysti er hreystikeppni fyrir 9. og 10. bekkina allra grunnskóla landsins. Mótið byggist upp á fimm keppnisgreinum, piltar keppa í s.k. upphíftingum og dýfum, stúlkur í armbeygjum og fitnessgreip en bæði kynin keppa svo í hraðþraut, sem byggð er á mörgum mismunandi þrautum.

Árið í ár er þriðja árið sem mótið er haldið, en það er nú í fyrsta skipti haldið á landsvísu. Alls verða haldnar 10 forkeppnir í Skólahreysti en keppnin á Ísafirði er sú níunda í röðinni. Stigahæsti skólinn úr hverjum riðli kemst í úr-

slitakeppnina sem haldin verður í Laugardalshöll þann 26. apríl. Það er til mikils að vinna því sá skóli sem hreppir fyrsta sæti í úrslitum fær 200 þúsund krónur í verðlaun sem rennur til nemendafélags skólans. Annað sætið fær 100 þúsund krónur og þriðja sætið fær 50 þúsund krónur.

Skólarnir sem keppa á Ísafirði eru Grunnskóli Bolungarvíkur, Grunnskólinn á Ísafirði, Grunnskólinn á Þingeyri og Grunnskólinn í Súðavík. Þess ber að geta að keppnin verður tekin upp og sýnd á Skjá einum nk. þriðjudag. Þá verður úrslitakeppnin sýnd beint frá Laugardalshöll laugardaginn 26. apríl.

- tinna@bb.is



Þrautirnar sem krakkarnir takast á við eru margvíslegar.



Sælkerar vikunnar eru Katrín Pálsdóttir og Þorsteinn Mássón á Ísafirði

## Námsmannanúðlur

Sælkerar vikunnar bjóða að þessu sinni upp á tvo rétti sem eiga uppruna sinn að rekja til Austurlanda. Fyrri rétturinn kallast Námsmannanúðlur. „Þennan rétt eldaði ég oft á námsárum mínum í Reykjavík og hann kemur sér vel þegar gríðarleg blankheiti mæta sáru hungri“, segir Þorsteinn. Einnig bjóða þau upp á tælenskan rækjurétt.

adeins í gumsinu með spaða og skellir því síðan disk og étur. Soðið má síðan nota sem súpu og þá er maður aldeilis orðinn grand á því með tvíréttad“, segja sælkerarnir.

### Tælenskur rækjuréttur (Fyrir 4)

750 g af skellausri rækju (helst 70/90 stk í kg eða stærri)

- 1 stk paprika
- ½ laukur
- Nokkrir sveppir
- 1 stk hvítlauksrif
- ½ sæt kartaflla
- 2 dósir af Thai Pride red curry sósu
- ½ af kókosmjólk

### Námsmannanúðlur

- 1 stk 25 kr. núðlupakki
- Allt sem til fellur úr isskápn um s.s. paprika, laukur, skinka, hvítlaukur, pylsur
- 2 msk smjör/smjörvi
- Dass af hlyn sírópi og soya ef efni leyfa

Núðlurnar eru soðnar samkvæmt leiðbeiningum og ekki skemmir fyrir ef ¼ af súpu-tening er bætt í pottinn. Á meðan núðlurnar sjóða, fer maður í það að saxa niður grasið og ketmetið, setur það á pönnuna með smjörinu og lætur þetta malla. Svo hellir maður sírópinu og soyasósunni yfir grasið og kjötið á pönnunni

„Þegar núðlurnar er tilbúnar hellir maður soðinu á djúpan disk og sturtar núðlunum á pönnuna. Svo sullar maður

Sjóðið rækjuna (ef hún er ekki soðin fyrir) og sætu kartöfluna. Setjið grænmetið á pönnu og léttsteikið. Hellið síðan úr dósunum á pönnuna og bætið við rækjunum og sætu kartöflunni sem á að skera niður í hentuga bita.


Berið fram með hrisgrónum og isköldum gosdrykk. Taka skal fram að því meira sem sett er af kókosmjólk í réttinn því mildari verður hann.

Við skorum á Þórarinn Ólafsson á Ísafirði að verða næsti sælkeri vikunnar.

# Húsamargfætla á Ísafirði

Sérkennilegt skordýr fannst í fyrirtækinu Marel á Ísafirði nýlega en talið er að það hafi flust með varningi erlendis frá. Að því er fram kemur á vef Náttúrustofu Vestfjarða er skepan sennilega húsamargfætla (*Scutigera coleoptrata*), eða náinn ættingi hennar. Húsamargfætla hefur fundist nokkrum sinnum á Íslandi, en ekki hefur frétt af henni á Vestfjörðum áður. Húsamargfætlur eru upprunnar við Miðjarðarhafið, en hefur breiðst út um mestan hluta Evrópu, Asíu og Norður Ameríku. Húsamargfætlan getur lifað allan sinn aldur innanhúss og er því algengur fylgifiskur mannsins. Fullvaxin hefur hún að meðaltali 15 fótapör, en þegar hún klekkst úr eggjum eru þau stundum bara fjögur en síðan fjölgar þörum um eitt við hver hamskipti. Húsamargfætlur eru rándýr og lifa á ýmsum skordýrum, sem þær drepa með eitri. Þær geta bitað menn en það er ekki algengt.

- thelma@bb.is



Sérkennileg padda fannst í Marel sem talið er að sé húsamargfætla. Mynd: nave.is.

# Búist við fjölda ferðamanna til Ísafjarðar

Margir ferðamenn munu leggja leið sína á Vestfirði í sumar ef marka má fjölda fyrirspurna sem hafa borist Upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði. Heimir Hansson, forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvarinnar, segir að fjöldinn hafi komið honum á óvart en fyrirspurnirnar hafi byrjað að streyma inn strax eftir síðasta sumar. Þær hafa svo farið úr því að vera almenns eðlis í að vera beinskýttari og nákvæmari eftir því sem nær liður sumri, af því má draga þá ályktun að fólk sé búit að ákveða að koma vestur. Heimir segir að spurt sé um allt milli himins og jarðar, um ástand vega,



Upplýsingamiðstöð ferðamála á Ísafirði, Edinborgarhúsinu.

ferðir á Hornstrandir, áætlun Breiðafjarðarferjunnar og fleira. Sérstaklega er mikið um útivistartengdar fyrirspurnir. Það er ekki aðeins sumarið sem leggst vel í Heimi því

tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður og Skíðavikan hafa greinilega vakið áhuga fólks. Þá er fólk aðallega að velta fyrir sér húsnæði, en gistirýmið sem Upplýsingamiðstöðin

hefur á skrá á Ísafirði er við það að fyllast. Heimir hefur bent fólki á fjölda gistingu- leika í nágrennbæjum Ísafjarðar og taka flestir vel í það.

- tinna@bb.is

## Einbýlishús til sölu!

Til sölu er húseignin að Seljalandi 21 á Ísafirði. Húsið er 197m<sup>2</sup> með kjallara undir hluta af húsinu.

Sjón er sögu ríkar!

Upplýsingar gefur Halldór Sveinbjörnsson í síma 894 6125þ

**Ertu orðin(n) áskrifandi?**  
**Áskriftarsíminn er 456 4560**



## Tveir menn fórust í sjóslysi við mynni Ísafjarðardjúps

Tveir menn fórust þegar 10 tonna bátur, Björg Hauks ÍS-127, hvolfði við mynni Ísafjarðardjúps, milli Deildar og Stigahliðar, aðfaranótt miðvikudags í síðustu viku. Björgunarsveitir voru kallaðar út frá Ísafirði og Hnífsdal. Leitar menn fundu bátinn stuttu síðar og var 20 tonna bátur kallaður út frá Bolungarvík til leitar ásamt loðnuskipinu Krossey sem var nærstätt.

Lík annars mannsins fannst um kl. 01:30 um nóttina, um eina sjómílu frá bátinum. Hann hafði bundið um sig belgi. Lík hins mannsins fannst um kl. 02:00, ekki langt frá. Samkvæmt upplýsingum blaðsins hvarf Björg Hauks ÍS út af



**Eiríkur Þórðarson.**

skjá sjálfvirku tilkynningaskyldunnar kl. 20:43 og höfðu þá starfsmenn vaktstöðvar siglinga haft samband við bátinn, þar sem þeir sáu að hann var orðinn einn eftir á miðunum.



**Unnar Rafn Jóhannsson.**

Þeir náðu aftur sambandi við bátinn kl. 21:01 og sagðist skipstjóri þá vera á leið til Ísafjarðar og að ekkert amaði að. Ellefu mínútum síðar, kl. 21:12, birtist trillan aftur í

sjálfvirka tilkynningakerfinu og var inni í klukkustund, eða til kl. 22:16. Kerfið lét svo vita kl. 22:24 að báturinn væri horfinn. Lík manna voru flutt til Bolungarvíkur um nóttina og um kl. 08:30 á miðvikudagsmorgun kom björgunarskipið Gunnar Friðriksson til Bolungarvíkur með Björg Hauks í eftirdragi.

Mennirnir tveir sem fórust í slysinu hétu Eiríkur Þórðarson og Unnar Rafn Jóhannsson. Eiríkur, sem var 47 ára, lætur eftir sig sambýliskonu, eina dóttur og fimm föstursyni. Unnar Rafn, sem var 32 ára, var ókvæntur og barnlaus. Báðir mennirnir voru búsettir á Ísafirði. – bb@bb.is



**Björgunarskipið Gunnar Friðriksson kom með Björg Hauks í togi til Bolungarvíkur árla á miðvikudagsmorgun.**

## Vilja kanna möguleika á útflutningi vatns og stofnun bruggverksmiðju

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur falið atvinnuálfnefnd að láta nú þegar kanna möguleika á stofnun fyrirtækis til nýtingar ferskvatns úr Vestfjarðagöngunum. Í því sambandi á í fyrsta lagi að kanna hvort mögulegt sé að selja vatnið úr landi í samstarfi við innlenda eða erlenda aðila og í öðru lagi hvort fýsilegt sé að stofna bruggverksmiðju sem nýtt gæti vatnið úr göngunum til ölgerðar.

Í greinargerð sem fylgir bókun þessa efnis segir: „Það

er ljóst að mikið magn hreins og ómengaðs vatns rennur stöðugt úr Vestfjarðagöngum og með minnkandi úrvinnslu sjávarafurða hér á Ísafirði þarf að leita nýrra leiða til að nýta þessa auðlind. Því er lagt til að atvinnuálfnefnd hafi forgöngu um könnun á möguleikum til nýtingar vatnsins til framleiðslu og útflutnings.“

Tillagan var lögð fram af hálfu Í-listans og samþykkt með öllum atkvæðum í bæjarstjórn.

– eirukur@bb.is



**Stjórnarsýsluhúsið á Ísafirði.**

## Nefnd skipuð

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu forsætisráðherra um að skipa nefnd til að fjalla um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Vestfjörðum. Nefndin er skipuð í framhaldi af viðræðum fulltrúa sveitarfélaga á Vestfjörðum við ríkisstjórnina að undanförunu.

Auk fulltrúa forsætisráðuneytis eiga sæti í nefndinni fulltrúi frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, bæjarstjórnin á Ísafirði og framkvæmdastjóri Fjórðungssambands Vestfirðinga. Nefndinni er ætlað að skila tillögum sínum til forsætisráðherra eigi síðar en 11. apríl nk.

## Slasaðist á skíðabretti í Tungudal



**Björgunarsveitarmenn sóttu drenginn og fluttu hann á sjúkrahúsið á Ísafirði.**

Ungur drengur slasaðist þegar hann féll af snjóbretti á skíðasvæði Ísfirðinga í Tungudal um áttaleytið á fimmtudagskvöld í síðustu viku. Björgunarsveitarmenn sóttu drenginn og fluttu hann á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði. Hann reyndist ekki alvarlega meiddur og fékk hann að fara heim eftir að gert hafði verið að sárum hans.

Að sögn Björgvins Sveinssonar, forstöðumanns skíðasvæðisins, líta slysin oft verr út en raunir standa til og segir hann því alltaf teknar ýrtruðu varúðarráðstafanir eins og að kalla út björgunarflutningafólk. Í þessu tilfalli var erfitt að ná til drengsins þar sem hann hafði verið að renna sér í gili utan brauta skíðasvæðisins. Björgvin segir gilið hafa freistað brettafólks í gegnum tíðina, en það sé vissulega reynt að hindra að verið sé að renna sér þar, þó ekki hafi algjörlega verið hægt að koma í veg fyrir það.

Drengurinn var vel búinn að sögn Björgvins, en hann segir brettakrakka oft lata við að nota hjálma, þó mikið sé brýnt fyrir notkun þeirra. Ekki eru börnin þau einu sem hafa verið löt við hjálmanotkun, en gjarnan notar fullorðið fólk ekki hjálma í brekkunum. Þetta þarf að sjálfsögðu að bæta, en notkun hjálma hefur ekki verið skylda við skíðaiðkun á Íslandi, þrátt fyrir augljóst vægi þeirra sem öryggisbúnaðar.

## Staða skólameistara auglýst laus

Embætti skólameistara Menntaskólans á Ísafirði hefur verið auglýst laust til umsóknar. Núverandi skólameistari, Ingibjörg S. Guðmundsdóttir, var aðeins sett tímabundið í starf skólameistara, eða sem nemur einu skólaári, en hún hefur starfað sem skólameistari Kvennaskólans í Reykjavík síðan 1998. – thelma@bb.is